

Stefnumótun í menntunarmálum fanga á Íslandi

**Tillögur nefndar sem skipuð var af
menntamálaráðherra**

***Menntamálaráðuneytið
2007***

Menntamálaráðuneytið : Stefnumótun í menntunarmálum fanga á Íslandi

desember 2007

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

© 2007 Menntamálaráðuneyti

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Um störf nefndarinnar	5
2. Samantekt á helstu tillögum	8
3. Helstu tillögur nefndarinnar	11
4. Laga- og reglugerðarákvæði um nám fanga	14
5. Evrópskar fangelsisreglur	16
6. Stefna Fangelsismálastofnunar ríkisins	19
7. Fangar á Íslandi	20
8. Námsframboð í fangelsum á Íslandi í dag	21
9. Fyrirhugaðar breytingar á fangelsismálum á Íslandi	23
10. Greiðslur til fanga vegna náms	24
11. Menntunarmál fanga á Norðurlöndum	25
12. Fyrirkomulag kennslu í fangelsum á Norðurlöndum	27
Danmörk	27
Finnland	27
Svíþjóð	28
Noregur	28
13. Íslenskar rannsóknir á menntunarmálum fanga	28
14. Notkun Netsins	33
15. Fangar með erlent ríkisfang	35
16. Fangar með stutt nám að baki	36
17. Starfsnám	37
18. Lífsleikni í fangelsum	39
19. Um náms- og starfsráðgjöf	40
20. Mat á raunfærni – fullorðinsfræðsla	42
21. Kostnaðarmat – kostnaðarskipting milli ráðuneyta	46
22. Lokaorð	48
23. Heimildir	50
24. Fylgiskjöl	52

Inngangur

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands kveður á um að öllum skuli tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við hæfi. Í lögum um fullnustu refsinga er föngum tryggður þessi réttur. Þá er réttur til menntunar tryggður í ýmsum alþjóðasáttmálum sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins hafa skuldbundið sig til að fylgja eftir. Hér er vert að nefna sérstaklega Mannréttindasáttmála Evrópu en hann hefur lagagildi á Íslandi. Evrópuráðið hefur jafnframt samþykkt ýmis tilmæli sem varða sérstaklega menntun fanga. Evrópsku fangelsisreglurnar voru fyrst samþykktar árið 1973, en þær voru síðast endurskoðaðar árið 2006 og verður fjallað um þær í sérstökum kafla. Á Norðurlöndum ríkir samstaða um þau markmið með fangelsun að föngum sé tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti séu höfð í fyrirrúmi og aðstæður og umhverfi séu hvetjandi fyrir fanga til að takast á við vandamál sín. Þar skiptir réttur til menntunar miklu máli. Rannsóknir sýna fram á að menntun fanga eigi þátt í að draga úr afbrotahæðun og þar með endurkomu í fangelsi. Það má því draga þær ályktanir að hagkvæmt sé að hvetja fanga til að nýta tímann í afplánun til náms, bæði fyrir samfélagið og ekki síður fyrir þá sjálfa.

Í þessari skýrslu eru lagðar fram tillögur sem eiga að stuðla að betri menntun fanga á Íslandi ásamt því að vera hvatning fyrir sem flesta fanga til að stunda nám í fangelsi. Fyrst segir frá störfum nefndar sem menntamálaráðherra skipaði vorið 2006 til að vinna að stefnumótun í menntunarmálum fanga á Íslandi. Því næst er samantekt á helstu tillögum nefndarinnar. Gerð er grein fyrir laga- og reglugerðarákvæðum sem snerta menntun fanga og sérstakur kafli er um evrópskar fangelsisreglur. Þá er fjallað um stefnu Fangelsismálastofnunar ríkisins, fanga á Íslandi og námsframboð í fangelsum eins og það er nú. Miklar breytingar eru fyrirhugaðar í fangelsismálum á Íslandi eða eru þegar komnar í framkvæmd og því þykir ástæða til að hafa sérstakan kafla þar um. Næst er kafli um greiðslur til fanga á Íslandi fyrir nám. Norðurlöndin hafa um langt skeið átt í náinni samvinnu um fangelsismál og eru menntunarmálum fanga á öðrum Norðurlöndum gerð stutt skil. Kafli er um nýlegar íslenskar rannsóknir á menntunarmálum fanga og er þar aðallega fjallað um rannsókn sem gerð var að tilstuðlan nefndarinnar og sem hún byggir tillögur sínar að miklu leyti á. Nefndinni var sérstaklega falið að gera tillögur um netnotkun og starfsnám ásamt því að skoða sérstaklega þá hópa fanga sem hafa stutt nám að baki eða eru af erlendum uppruna. Því eru sérstakir kaflar um þessa þætti. Ástæða þótti til að fjalla um náms- og starfsráðgjöf og mat á raunfærni, þar sem nefndin gerir tillögur þar að lútandi. Einnig er kafli um lífsleikni í fangelsum, en nefndin leggur áherslu á að nám er ekki einungis hefðbundið skólanám heldur þarf sérstakega að huga að þjálfun í lífsleikni. Loks er kostnaðarmat vegna einstakra tillagna og tillögur um kostnaðarskiptingu milli ráðuneyta.

1. Um störf nefndarinnar

Menntamálaráðherra skipaði nefnd í maí 2006 til þess að fjalla um og vinna að stefnumótun í menntunarmálum fanga. Nefndin, sem nú hefur lokið störfum, var þannig skipuð:

Ásgerður Ólafsdóttir, sérfræðingur, menntamálaráðuneyti, formaður
Dís Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur, dóms- og kirkjumálaráðuneyti
Erlendur S. Baldursson, afbrotfræðingur, Fangelsismálastofnun ríkisins
Sigurður Sigursveinsson, skólameistari, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins ritaði menntamálaráðherra bréf dags. 9. nóvember 2005. Þar kemur fram að ýmsar breytingar séu fyrirhugaðar í fangelsum landsins og stofnunin telji brýnt að við framtíðaruppbyggingu fangelsa verði sérstaklega hugað að námsmöguleikum fanga, enda þýðingarmikill þáttur í endurhæfingu þeirra. Huga þurfi sérstaklega að fjarkennslu gegnum netið, aukinni verkmenntun, námi í heilsurækt, tónmennt, matreiðslu og jafnvel frumkvöðlamennt. Þá kemur fram að allstór hópur fanga hafi af ýmsum ástæðum fallið úr skyldunámi og því megi segja að þeir eigi ákveðinn rétt á að halda áfram námi þar sem frá var horfið. Einnig sé að verða algengara að til afplánunar komi menn sem hugi á háskólanám eða hafi lokið undirbúningi fyrir slíkt nám í fangelsi og óski eftir að halda áfram námi. Loks er nefnt að útlendingum hafi fjölgað í fangelsum á Íslandi og sú staðreynd skapi ákveðin vandamál. Menntamálaráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti þurfi að vinna náið saman að þessum málum í samvinnu við Fangelsismálastofnun ríkisins og þær menntastofnanir sem koma að kennslu fanga.

Í framhaldi af bréfi þessu ákvað menntamálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipan í menntunarmálum fanga á Íslandi. Nefndin var skipuð fulltrúum frá ráðuneytum menntamála og dóms- og kirkjumála, Fangelsismálastofnun ríkisins og Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Nefndinni var sérstaklega falið að huga að fjarkennslu gegnum Netið, verkmenntun, menntun fanga af erlendum uppruna og þeim hópi fanga sem af ýmsum ástæðum hafa fallið út úr skyldunámi.

Fljótlega eftir að nefndin hóf störf upplýsti fulltrúi fangelsismálastofnunar í nefndinni að áætlað væri að gera samnorræna rannsókn á menntun fanga. Markmiðið með rannsókninni væri að afla upplýsinga um hvaða menntun fangar hafi lokið, hvaða menntun þeir hafi hug á að afla sér, hvernig kennslan í fangelsinu komi þeim fyrir sjónir og hvernig þeir hagi námi sínu. Hvert land beri ábyrgð á framkvæmd rannsóknarinnar og greiði kostnað við að leggja hana fyrir, en fjárveiting hefur fengist frá NordPlus (Ciriús) til

að vinna úr upplýsingum frá löndunum og til útgáfu sameiginlegrar lokaskýrslu. Nefndin gerði þá tillögu til menntamálaráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra í ágúst 2006 að við tækjum þátt í þessari rannsókn og var hún samþykkt. Menntamálaráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti skiptu jafnt með sér kostnaði við framkvæmd rannsóknarinnar hér á landi. Strax var hafist handa við að þýða og staðfæra spurningalistann á íslensku. Spurningalistarnir voru þeir sömu og lagðir voru fyrir í öllum löndunum, en staðfæra þurfti spurningar sem snéru að fyrra námi og þar sem spurt var um einstakar námsbrautir í framhaldsskólum. Einnig var í boði að svara spurningalistanum á ensku. Spurningalistar voru síðan lagðir fyrir alla sem voru vistaðir í fangelsum á landinu í október og nóvember 2006. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands annaðist framkvæmd rannsóknarinnar undir stjórn Helga Gunnlaugssonar, afbrotfræðings og Bogi Ragnarsson, félagsfræðingur, lagði spurningalista fyrir og vann úr gögnum í samvinnu við Helga. Skýrsla þeirra var tilbúin í maí 2007. Nefndin byggir tillögur sínar að miklu leyti á niðurstöðum sem fengust úr þessari rannsókn og því er víða í skýrslunni vísað til þeirra. Skýrslan fylgir með skýrslu nefndarinnar í heild sinni, þar sem hún hefur að geyma margvíslegar upplýsingar sem nýta má í framtíðinni.

Þá leitaði nefndin eftir hugmyndum frá Afstöðu, félagi fanga, varðandi netaðgang og skilaði félagið greinargerð með hugmyndum um nettengingar á Litla-Hrauni. Sú greinargerð er fylgiskjal með skýrslunni.

Nefndin hefur haldið 14 fundi. Eftirtaldir gestir voru boðaðir á fund nefndarinnar: Guðbjörg Aðalsteinsdóttir, skólameistari Framhaldsskóla Snæfellinga í Grundarfirði, Magnea Ingólfssdóttir, námsráðgjafi í Menntaskólanum í Kópavogi, Ingi S. Ingason, kennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og kennslustjóri á Litla-Hrauni, Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands og Helga Björk Pálsdóttir, félags- og afbrotfræðingur og verkefnisstjóri hjá Mími-símenntun. Þá sátu Helgi Gunnlaugsson, afbrotfræðingur og Bogi Ragnarsson, félagsfræðingur, nokkra fundi nefndarinnar í tengslum við rannsóknina sem lögð var fyrir í fangelsum landsins.

Nefndarmenn heimsóttu fangelsið á Litla-Hrauni í september 2006 og áttu þar fund með forstöðumanni fangelsins og kennslustjóra og skoðuðu jafnframt fangelsið. Þarna var fyrirhuguð rannsókn á menntunarmálum fanga kynnt og samband var haft við Afstöðu, félags fanga.

Tveir nefndarmenn, þau Dís Sigurgeirsdóttir og Sigurður Sigursveinsson, sóttu ráðstefnu í Noregi í september 2007 um menntun fanga á tölvuöld (Prison Education in the Digital Age) og Erlendur S. Baldursson og Ásgerður Ólafsdóttir sátu norrænan fund í Reykjavík í september 2007 um menntun og störf í fangelsum. Þá hafa þeir Erlendur S. Baldursson og Helgi Gunnlaugsson sótt norræna fundi þar sem unnið hefur verið að samnorrænu rannsókninni.

2. Samantekt á helstu tillögum

Almennar tillögur :

- Nefndin lítur svo á að nám í fangelsi, ásamt öðrum meðferðarúrræðum sem í boði eru, gegni lykilhlutverki í endurhæfingu fanga og bendir á að margar rannsóknir sýna fram á að menntun í fangelsi hefur fyrirbyggjandi áhrif
- evrópskar fangelsisreglur verði ætíð í heiðri hafðar við skipulagningu náms
- fangar verði hvattir til að nýta tímann í fangelsi til náms
- þeim standi til boða:
 - kynning á námsmöguleikum
 - mat á fyrra námi
 - mat á raunfærni
 - áhugasviðsrannsókn
 - aðstoð við gerð námsáætlunar
 - aðstoð við að skipuleggja frekara nám
- þýðingarmikið er að vinna gegn brottfalli, m.a. með öflugri sérkennslu og einstaklingsmiðaðri ráðgjöf
- stuðla þarf að fjölbreyttari námsmöguleikum í fangelsum m.a. með námskeiðum af ýmsu tagi sem hafi það að markmiði að auka lífsgæði fanga, lífsleikni þeirra og færni
- endurskoða þarf reglur um greiðslur til fanga sem stunda nám

Aðstaða til náms :

- Góð aðstaða til að stunda nám þarf að vera til staðar í öllum fangelsum
- tryggja þarf föngum aðgang að
 - náms- og starfsráðgjöf
 - tölum
 - bókasafni
 - nettengingu þar sem það á við

Móðurskóli :

- Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi gegni áfram lykilhlutverki í menntun fanga á Litla-Hrauni
- skólanum verði einnig falið það hlutverk að sjá til þess að föngum almennt standi til boða að stunda nám
- skólanum verði tryggðir möguleikar á að efla þá kennslu sem fyrir er og bjóða upp á fjölbreyttari námsúrræði

- skólinn hafi forystu um að koma á nauðsynlegum tenglum við aðrar menntastofnanir, s.s. skóla sem bjóða upp á dreif- eða fjarnám
- Gera þarf skriflegan samning milli menntamálaráðuneytis og Fjölbrautaskóla Suðurlands um þjónustu skólans við fanga

Náms- og starfsráðgjöf :

- Náms- og starfsráðgjafi verði ráðinn að Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi hið fyrsta
- hlutverk hans verði að veita náms- og starfsráðgjöf til fanga á Litla-Hrauni sem og í öðrum afplánunarúrræðum
- náms- og starfsráðgjafi hafi einnig frumkvæði að nauðsynlegu samstarfi við aðra skóla og menntastofnanir eftir þörfum

Notkun Netsins :

- Nefndin telur að erfitt sé að stunda nám í dag nema hafa aðgang að Netinu
- í einhverjum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að heimila fanga nettengingu í klefa, en til þess þarf breytingu á lögum um fullnustu refsinga
- tenging við Netið verði heimiluð í opnu fangelsi þegar fangar eru í námi eða starfi þar sem notkun þess er nauðsynleg
- lagt er til að takmörkuð nettenging verði fyrir hendi í öllum fangelsum

Verknám :

- bæta þarf aðstöðu til verknáms og starfsþjálfunar í fangelsum
- skapa þarf ný störf í fangelsum sem geta nýst til starfsþjálfunar og þannig verið hluti af námi.
- föngum sem kjósa að stunda verknám, verði gefið tækifæri til starfsþjálfunar utan fangelsis að uppfylltum kröfum 47. gr. laga um fullnustu refsinga og að undangengnu áhættumati og með samþykki skólayfirvalda eða vinnustaðar.
- nýta þarf verkstæði í fangelsum s.s. smíðaverkstæði, til starfsþjálfunar
- leita ber til atvinnufyrirtækja í nánasta umhverfi fangelsa um starfsnám fyrir þá fanga sem hafa leyfi til náms utan fangelsis

Fangar með stutt nám að baki :

- Koma þarf til móts við þarfir þessara fanga með
 - öflugri náms- og starfsráðgjöf
 - sérkennslu hjá þeim hópi sem á í námserfiðleikum
 - með því að bjóða upp á námskeið til að bæta grunnfærni í lestri, stærðfræði og tölvunotkun.
- samkvæmt evrópskum fangelsisreglum skal menntun fanga með lestrar- eða stærðfræðiörðugleika og sem skortir grunn- eða iðnmenntun hafa forgang

Fangar af erlendum uppruna :

- Kannað verði í hverju tilfalli hvort afplánun í fangelsi í heimalandi fanga sé raunhæfur kostur með tilliti til greiðari aðgangs að námi
- hugað verði að íslenskukennslu fyrir erlenda fanga sem dvelja um langan tíma í íslenskum fangelsum
- huga þarf að möguleikum fanga af erlendum uppruna sem munu fara úr landi að lokinni afplánun á að stunda fjarnám við menntastofnanir í heimalöndum sínum
- fangar af erlendum uppruna hafi aðgang að bókum á eigin móðurmáli í fangelsinu.

3. Helstu tillögur nefndarinnar

Það er samdóma álit nefndarmanna að nám í fangelsi, ásamt öðrum meðferðarúrræðum sem í boði eru, gegni lykilhlutverki í endurhæfingu fanga og stuðli að því að fangar eigi betri möguleika á að fóta sig í lífinu eftir að fangelsisvist lýkur. Nefndin tekur heilshugar undir markmið fangelsismálastofnunar að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín.

Nefndin leggur áherslu á að evrópskar fangelsisreglur verði ætíð í heiðri hafðar við skipulagningu náms.

Nefndin fagnar því að aukin áhersla er á vímuefnaeðferð í fangelsum. Forsenda þess að fangi geti stundað nám er að hann sé laus við vímuefnanotkun.

Góð aðstaða til að stunda nám þarf að vera til staðar í öllum fangelsum. Tryggja þarf að föngum sem stunda nám standi til boða viðunandi ytri aðstæður til að stunda nám, náms- og starfsráðgjöf, aðgangur að tölvum, aðgangur að bókasafni og nettenging þar sem það á við.

Nefndin leggur til að Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi gegni áfram lykilhlutverki í menntun fanga á Litla-Hrauni og að skólanum verði tryggðir möguleikar á að efla þá kennslu sem fyrir er og bjóða upp á fjölbreyttari námsúrræði. Skólanum verði einnig falið það hlutverk að sjá til þess að föngum almennt standi til boða að stunda nám og hafi forystu um að koma á nauðsynlegum tengslum við aðrar menntastofnanir, s.s. skóla sem bjóða upp á dreif- eða fjarnám.

Brýnt er að gerður verði skriflegur samningur milli menntamálaráðuneytis og Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi um þjónustu skólans vegna menntunar fanga.

Náms- og starfsráðgjafi verði ráðinn að Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi hið fyrsta sem hafi það hlutverk að veita náms- og starfsráðgjöf til fanga á Litla-Hrauni sem og í öðrum afplánunarúrræðum. Náms- og starfsráðgjafi eigi náið samstarf við kennslustjóra á Litla-Hrauni, starfsmenn fangelsismálastofnunar, forstöðumenn og annað fagfólk í fangelsum. Náms- og starfsráðgjafi hafi einnig frumkvæði að nauðsynlegu samstarfi við aðra skóla og menntastofnanir eftir þörfum.

Fangar verði hvattir til að nýta tímann í fangelsi til náms. Þeim standi til boða kynning á ýmsum námsmöguleikum, mat á fyrra námi, mat á raunfærni, áhugasviðsrannsókn, aðstoð við gerð námsáætlunar og aðstoð við að skipuleggja frekara nám eftir að afplánun lýkur. Náms- og starfsráðgjafi gegnir þarna lykilhlutverki.

Brottfall úr námi í fangelsi er mikið. Þýðingarmikið er að vinna gegn brottfalli, m.a. með öflugri sérkennslu og einstaklingsmiðaðri ráðgjöf.

Stuðla þarf að fjölbreyttari námsmöguleikum í fangelsum. Í boði þurfa að vera námskeið af ýmsu tagi sem hafi það að markmiði að auka lífsgæði fanga, lífsleikni þeirra og færni. Einkum ber að nýta þann tíma ársins þegar reglubundin kennsla liggur niðri til námskeiðahalds.

Endurskoða þarf reglur um greiðslur til fanga sem stunda nám. Brýnt er að fangar geti stundað nám hluta úr degi og unnið síðan önnur störf. Eðlilegt verður að teljast að fangar sem stunda nám sitt af alúð og leggja sig fram fái greitt sem svarar fullum vinnudegi í fangelsi. Kennslustjóra og/eða forstöðumanni fangelsis verði falið að meta hve mikinn tíma hver fangi nýtir til náms á hverjum degi og taka þarf tillit til þess tíma sem hann nýtir til náms utan hefðbundinna kennslustunda. Sama gildir um fanga sem stunda dreif- eða fjarnám.

Samkvæmt ákvæðum laga um fullnustu refsinga nr.49/2005, 42. gr., er fanga heimilt að hafa eigin tölvu í klefa, þó án nettengingar. Í einhverjum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að heimila fanga nettengingu í klefa, en til þess þarf breytingu á lögum.

Nefndin leggur til að tenging við Netið verði heimiluð í opnu fangelsi svo sem Kvíabryggju þegar fangar eru í námi eða starfi þar sem notkun þess er nauðsynleg. Auk þess er lagt til að takmörkuð nettenging verði fyrir hendi í öllum fangelsum og geti fangelsismálastofnun í samráði við forstöðumann heimilað föngum í námi eða starfi aðgang að netinu undir eftirliti kennara eða fangavarða. Eðlilegt er að settar verði takmarkanir á notkun Netsins og að fangelsismálastofnun setji reglur um hvers konar aðgangur verði heimilaður.

Nefndin telur að erfitt sé að stunda nám í dag nema hafa aðgang að Netinu og að fangi sem hefur þekkingu á notkun upplýsingatækni sé betur í stakk búinn til að takast á við nám eða vinnu að lokinni afplánun en ella. Á misnotkun verði tekið eins og öðrum agabrotum í fangelsi.

Mikilvægt er að bæta aðstöðu til verknáms og starfsþjálfunar í fangelsum. Þegar hugað er að nýjum atvinnutækifærum innan fangelsa, verði jafnframt haft að leiðarljósi að skapa störf sem geta nýst til starfsþjálfunar og þannig verið hluti af námi.

Föngum sem kjósa að stunda verknám, verði gefið tækifæri til starfsþjálfunar utan fangelsis, uppfylli þeir kröfur í samræmi við 47. gr. laga um fullnustu refsinga og að undangengnu áhættumati og með samþykki skólayfirvalda eða vinnustaðar.

Nýta þarf verkstæði í fangelsum, s.s. smíðaverkstæði, til starfsþjálfunar. Einnig ber að leita til atvinnufyrirtækja í nánasta umhverfi fangelsa um starfsnám fyrir þá fanga sem hafa leyfi til náms utan fangelsis.

Fangar af erlendum uppruna njóti að öðru jöfnu sömu réttinda til náms og aðrir fangar.

Kannað verði í hverju tilfalli hvort afplánun í fangelsi í heimalandi fanga sé raunhæfur kostur með tilliti til greiðari aðgangs að námi á tungumáli sem þeir skilja.

Hugað verði að íslenskukennslu fyrir erlenda fanga sem dvelja um langan tíma í íslenskum fangelsum en íslenskuáfangar fyrir útlendinga (ÍSA-áfangar) eru kenndir við marga framhaldsskóla, m.a. Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. Þá væri einnig hægt að leita til fræðsluaðila sem bjóða upp íslenskunámskeið, s.s. símenntunarmiðstöðva eða Alþjóðahúss.

Huga þarf að möguleikum þeirra fanga af erlendum uppruna sem munu fara úr landi að lokinni afplánun á að stunda fjarnám við menntastofnanir í heimalöndum sínum að uppfylltum skilyrðum fangelsins um að mega stunda nám.

Þess skal gætt, í samræmi við evrópskar fangelsisreglur, að fangar af erlendum uppruna hafi aðgang að bókum á eigin móðurmáli í fangelsinu.

Rúmlega þriðjungur þeirra fanga sem svöruðu spurningalistanum um menntun í fangelsi (28 af 77) hefur ekki lokið neinu formlegu námi. Þar af eru 16 fangar sem ekki hafa lokið grunnskólanámi. Mikill meirihluti þeirra sem ekki eru í námi óska eftir að hefja nám og vilja flestir hefja nám við framhaldsskóla og komast á iðnnámssamning. Koma þarf til móts við þarfir þessara fanga með öflugri náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu hjá þeim hópi sem á í námserfiðleikum og með því að bjóða upp á námskeið til að bæta grunnfærni í lestri, stærðfræði og tölvunotkun.

Nefndin vekur athygli á að í endurskoðuðum evrópskum fangelsisreglum frá 2006 segir að menntun fanga sem eru með lestrar- eða stærðfræðiörðugleika og sem skortir grunn- eða iðnmenntun skuli hafa forgang.

Nefndin lýsir ánægju sinni með tillögur nefndar um framtíðarrekstur fangelsisins að Litla-Hrauni, en þar er m.a. lagt til að iðjubjálfi verði ráðinn að fangelsinu og að starf íþrótt- og tómstundafulltrúa verði endurskipulagt.

Allir fagaðilar sem starfa í fangelsum landsins þurfa að vinna náið saman og í náinni samvinnu við fangelsismálastofnun, fanga og fangaverði með það að markmiði að stuðla að heildstæðri endurhæfingu fanga.

4. Laga- og reglugerðarákvæði um nám fanga

Í 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að öllum skuli tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

Í lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005 (lfr.) er föngum tryggður réttur til menntunar. Eftirtaldar greinar snerta nám í fangelsum:

19. gr.

Nám og starfsþjálfun.

Fangi skal eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða taka þátt í annarri starfsemi sem fram fer í fangelsi eftir því sem unnt er og hann telst hæfur til.

Reglubundið nám kemur í stað vinnuskyldu. Hver kennslustund jafngildir einni klukkustund í vinnu.

Stundi fangi ekki nám með eðlilegum hætti getur skólameistari, að höfðu samráði við forstöðumann, ákveðið að víkja fanga úr námi. Fangelsi útvegur og greiðir fyrir kennslubækur vegna náms í fangelsi og eru þær eign fangelsis.

42. gr.

Munir í klefa.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft fanga, í samræmi við reglur fangelsis, að hafa í klefa sínum eigin tölvu, þó án nettengingar, tölvuprentara, hljómflytningstæki, útvarpstæki, sjónvarpstæki o.fl. Fanga er óheimilt að hafa síma eða önnur fjarskiptatæki í klefa sínum.

Fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi eða ávana- og fíkniefni.

Fanga er heimilt að hafa peninga í fórum sínum eða í klefa sínum, þó ekki hærri fjárhæð en sem svarar þóknun fangans á einum mánuði. Fangi skal eiga kost á því að frekari fjármunir séu geymdir í vörslum fangelsis.

47. gr.

Nám, vinna eða starfsþjálfun utan fangelsis.

Fangelsismálastofnun getur veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám, vinnu eða starfsþjálfun ef það telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki. Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu. Slíkt leyfi er að jafnaði ekki veitt fyrir en fangi hefur afplánað þriðjung refsítímans, þó að lágmarki eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfelt í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsítímans sé ekki liðinn.

Áður en leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1. mgr. er veitt skal liggja fyrir staðfest stundaskrá og skrifleg staðfesting skóla eða vottorð vinnuveitanda eða þess sem veitir starfsþjálfun um að fangi geti hafið og stundað nám, vinnu eða starfsþjálfun þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Þá skal gengið úr skugga um að þessum aðilum sé ljóst að um fanga sé að ræða sem afpláni refsingu og þeim gerð grein fyrir reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

Í reglugerð um fullnustu refsinga nr. 961/2005 (rglfr.) segir:

2. gr.

Meðferðar- og vistunaráætlun o.fl.

Fangelsismálastofnun skal í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun í upphafi refsivistar hans með tilliti til lengdar refsingar og persónulegra haga fangans. Í áætluninni skal meðal annars koma fram áhættumat, meðferðarþörf, geta til náms og/eða vinnu, og þörf fyrir sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Vinna skal eftir þessari áætlun með fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og skal endurskoða hana reglulega.

Markmið meðferðar- og vistunaráætlunarinnar er að fangi nái, eftir lok afplánunar, að fóta sig í samfélaginu, hann kunni að leita sér aðstoðar, hann eigi fastan samastað og hafi góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini.

Skv. 19.gr. er réttur fanga til náms skýr, svo framarlega sem þeir stunda nám sitt með eðlilegum hætti. Þar segir ennfremur að ein kennslustund jafngildi einni klukkustund í vinnu. Í rannsókn Aðalheiðar Drafnar Eggertsdóttur, 2006,¹ kemur fram að launin fyrir að vera í skóla séu lág miðað við þær tekjur sem fangar geti haft stundi þeir vinnu. Viðmælendur hennar töldu sig órétti beitta í sambandi við launin sem þeir fengu fyrir að vera í skólanum og álitu það mestu hindrunina í náminu. Þeir töldu að margir sem þeir þekktu til hefðu hætt í skólanum þar sem þeir höfðu ekki efni á að vera þar (bls.43).

Nefndin leggur til að laun fyrir nám og vinnu séu þau sömu og að fangi sem stundi nám sem metið er sem fullt nám eða meira af þar til bærum aðilum skuli fá sömu laun og hann annars fengi fyrir fullan vinnudag. Þó fangi sitji ekki á skólabeck allan daginn, þarf að meta þann tíma sem hann nýtir í heimanám. Brýnt er að fjárhagslegar ástæður séu aldrei hindrun þegar fangi velur milli þess að stunda nám eða vinnu.

¹ Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir. 2006. Menntun í fangelsum: “Það eina góða þarna inni” MA ritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild

Þá skal meðferðar- og vistunaráætlun einnig ná yfir getu fangans til náms sbr. 2. gr. reglugerðar um fullnustu refsinga nr. 961/2005. Tryggja þarf að allra nauðsynlegra upplýsinga sé aflað varðandi fyrra nám og námsóskir og bendir nefndin á að nýta mætti einhverjar af þeim spurningum sem lagðar voru fyrir í rannsókninni sem lögð var fyrir í fangelsum haustið 2006 í þeim tilgangi að fá sem gleggstar upplýsingar. Nefndin telur æskilegt að náms- og starfsráðgjafi afli þessara upplýsinga í viðtali við fanga og geti því um leið gefið nauðsynlegar upplýsingar um námsmöguleika.

Í 42. gr. laga um fullnustu refsinga segir að fanga sé heimilt að hafa tölvu án nettengingar í klefa. Nefndin bendir á tillögur í kaflanum um aðgang að Neti og bendir á að breyta þurfi lögum, verði ákveðnum föngum leyft að stunda nám með aðgangi að Netinu.

5. Evrópskar fangelsisreglur

Evrópuráðið er alþjóðasamtök 46 ríkja í Evrópu stofnuð 5. maí 1949. Aðild er opin öllum Evrópuríkjum sem teljast réttarríki byggð á lögum og virða grundvallar mannréttindi og frelsi borgara sinna. Með mikilvægustu verkum ráðsins var samþykkt Mannréttindasáttmála Evrópu árið 1950 og stofnun Mannréttindadómstóls Evrópu til að fylgja eftir sáttmálanum². Í 2. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu er rétturinn til menntunar tryggður. Þar segir að engum manni skuli synjað um rétt til menntunar. Fyrstu evrópsku fangelsisreglurnar litu dagsins ljós 1973 en þær voru endurskoðaðar 1987. Þá áttu 23 þjóðir aðild að Evrópuráðinu. Síðan hefur orðið nánast þjóðfélagsleg bylting í Evrópu en nú eiga 46 þjóðir aðild að ráðinu. Þessi staðreynd, þróun í mannréttindamálum, fjöldi dóma Mannréttindadómstóls Evrópu varðandi meðferð fanga, svo og kröfur Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, svonefndri CPT-nefndar, leiddi til þess að ákveðið var að endurskoða fangelsisreglurnar³. Ragna Bjarnadóttir⁴ skrifaði árið 2006 kandidateitritgerð til embættisprófs í lögfræði um evrópskar fangelsisreglur og áhrif þeirra á íslenska löggjöf um fangelsismál. Í ritgerð hennar segir að nýju evrópsku fangelsisreglunum (efr.) var komið á framfæri við aðildarríki Evrópuráðsins með tilmælum hinn 11. janúar 2006 og er Ísland eitt þeirra ríkja. Reglurnar eru ekki bindandi að þjóðarrétti en mælst er til að þær hafi leiðbeinandi áhrif á löggjöf, stefnumörkun og

² <http://is.wikipedia.org/wiki/Evrópuráðið>, skoðað 4. nóvember 2007.

³ Valtýr Sigurðsson. 2005. Grein um ráðstefnu sem haldin var í Róm um evrópskar fangelsisreglur: "Störf í fangelsum eru sögð með þeim flóknustu og erfiðustu í opinberri þjónustu og það eigi að endurspeglast í laununum." Birt í Morgunblaðinu 3. janúar 2005, skoðað á vef Fangelsismálastofnunar, 4. nóvember 2007.

⁴ Ragna Bjarnadóttir. 2006. Meistaraprófsritgerð til embættisprófs í lögfræði við Háskóla Íslands

framkvæmd í fangelsismálum aðildarríkjanna. Tilgangur með reglunum er að mæla fyrir um lágmarksvernd fanga.

Ragna fjallar um menntun í sérstökum kafla í ritgerð sinni þar sem hún ber saman reglurnar frá 1987 við endurskoðaðar reglur 2006. : “Samkvæmt 77. gr. efr. frá árinu 1987 skyldi gera samræmda námsáætlun svo hver fangi ætti kost á að sinna þörfum sínum, að minnsta kosti að hluta, og átti markmið slíkra áætlana að vera að bæta horfur á félagslegri aðlögun og styrkja siðferðisþrenging fanga, jákvæð viðhorf og sjálfsvirðingu. Nám átti að vera þáttur í meðferð og veita í grundvallaratriðum sömu stöðu og umbun og vinna, sbr. 78. gr. reglnanna. Ákvæði 79. gr. lagði þá skyldu á fangelsisyfirvöld að leggja sérstaka áherslu á menntun ungra fanga, erlendra og fanga sem hefðu sérstakar menningarlegar þarfir. Skyldi jafnframt gera sérstakar ráðstafanir til að mæta þörfum fanga með sérþarfir, sbr. 80. gr. Samkvæmt a. og b. liðum 81. gr. skyldi nám fanga, eins og hægt er, vera samræmt menntakerfi þjóðarinnar svo fangar gætu haldið því áfram eftir að þeir losna úr fangelsi og fara fram í menntastofnunum utan fangelsis. Samkvæmt 96. gr. skyldi jafnframt hvetja gæsluvarðhaldsfanga til að stunda nám í fangelsinu.

Í efr. frá árinu 2006 er gengið lengra hvað þetta varðar og sagt að þar sem hægt er skuli menntun fanga vera hluti af menntakerfinu í landinu og eiga sér stað undir stjórn menntastofnana utan fangelsis, sbr. a- og b-lið 7. mgr. 28. gr. Í athugasemdum greinargerðar sem fylgdi frumvarpi að efr. frá árinu 2006 er bent á að mikilvægt sé að skírteini fanga sem útskrifist eða ljúki formlegu prófi innan fangelsis beri ekki með sér hvar menntunarinnar var aflað. Reglur um menntun í efr. frá árinu 2006 eru því að mestu sambærilegar reglunum frá 1987 en þó er vert að minnast á nýmæli sem fram kemur í 2. mgr. 28. gr. en þar segir að menntun fanga sem haldnir séu les- eða tölublindni og sem skortir grunn- eða iðnmenntun skuli hafa forgang. Í 106. gr. er svo að finna sérreglu um menntun afplánunarfanga. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að kerfisbundin menntun, þ.á m. almenn hæfing, sem hefur að markmiði að auka almenna menntun fangans og möguleika hans á að lifa ábyrgu lífi án þess að brjóta af sér, skuli vera lykilþáttur í meðferðaráætlun afplánunarfanga. Samkvæmt 2. mgr. á að hvetja alla fanga til að taka þátt og ber að sníða námið að lengd afplánunarinnar, sbr. 3. mgr.

Bókasafn skal vera í hverju fangelsi og skulu allir fangar hafa aðgang að því, sbr. 5. mgr. 28. gr. efr. frá árinu 2006, og skal skipuleggja það í samvinnu við almenn bókasöfn í landinu þegar það er hægt, sbr. 6. mgr. sama ákvæðis. Reglu sama efnis var að finna í

82. gr. efr. frá árinu 1987. Í athugasemdum greinargerðar þeirrar sem fylgdi frumvarpi að efr. frá árinu 2006 segir að á bókasöfnunum skuli vera bækur á þeim tungumálum sem fangarnir lesa og einnig ýmiss konar lögfræðilegt efni, meðal annars evrópsku fangelsisreglurnar (bls. 40 – 41)” “Fangar geta einnig stundað nám eða starfsþjálfun meðan á aflánun stendur og kemur reglubundið nám í staðinn fyrir vinnuskyldu, sbr. 1. og 2. mgr. 19. gr. Hægt er að víkja fanga úr námi stundi hann það ekki með eðlilegum hætti, sbr. 3. mgr. Fangar fá þóknun fyrir hverja kennslustund, sbr. 1. mgr. 20. gr. rfl. og 1. mgr. 4. gr. rglfr., þó ekki fyrir fleiri kennslustundir en fimm á dag, sbr. síðastnefnt ákvæði. Af 4. gr. rglfr. leiðir að sá möguleiki er fyrir hendi að fangar sem stunda nám fái lægri þóknun en fangar sem stunda vinnu og er það ekki í samræmi við 4. mgr. 105. gr. efr. frá árinu 2006. Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. rfl. gilda þessi ákvæði einnig um gæsluvarðhaldsfanga eftir því sem við á” .⁵

Í aðalatriðum kveða evrópskar fangelsisreglur á um að:

- gera skal samræmda námsáætlun með það að markmiði að bæta horfur á félagslegri aðlögun og styrkja siðferðisþrek fanga, jákvæð viðhorf og sjálfsvirðingu
- nám á að vera þáttur í meðferð og veita í grundvallaratriðum sömu stöðu og umbun og vinna
- fangelsisyrðingum ber skylda til að leggja sérstaka áherslu á menntun ungra fanga, erlendra og fanga sem hefðu sérstakar menningarlegar þarfir. Skyldi jafnframt gera sérstakar ráðstafanir til að mæta þörfum fanga með sérþarfir
- nám fanga, á að vera samræmt menntakerfi þjóðarinnar eins og hægt er, svo fangar gætu haldið því áfram eftir að þeir losna úr fangelsi og fara fram í menntastofnunum utan fangelsis
- hvetja skal gæsluvarðhaldsfanga til að stunda nám í fangelsinu
- þar sem hægt er skuli menntun fanga vera hluti af menntakerfinu í landinu og eiga sér stað undir stjórn menntastofnana utan fangelsis
- skírteini fanga sem útskrifist eða ljúki formlegu prófi innan fangelsis beri ekki með sér hvar menntunarinnar var aflað

⁵ Ragna Bjarnadóttir. 2006. Meistaraprófsritgerð til embættisprófs í lögfræði við Háskóla Íslands

- menntun fanga sem eru með lestrar- eða stærðfræðiörðugleika og sem skortir grunn- eða iðnmenntun skuli hafa forgang
- kerfisbundin menntun, þ.á m. almenn hæfing, sem hefur að markmiði að auka almenna menntun fangans og möguleika hans á að lifa ábyrgu lífi án þess að brjóta af sér, skuli vera lykilþáttur í meðferðaráætlun afplánunarfanga
- hvetja skal alla fanga til að taka þátt og ber að sníða námið að lengd afplánunarinnar
- bókasafn skal vera í hverju fangelsi og skulu allir fangar hafa aðgang að því
- á bókasöfnunum skuli vera bækur á þeim tungumálum sem fangarnir lesa og einnig ýmiss konar lögfræðilegt efni, meðal annars evrópsku fangelsisreglurnar
- reglubundið nám komi í staðinn fyrir vinnuskyldu

Unnið er að íslenskri þýðingu á evrópskum fangelsisreglum á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

6. Stefna Fangelsismálastofnunar ríkisins

Fangelsismálastofnun ríkisins hefur sett fram skýra stefnu í fangelsismálum. Tilgangur með rekstri fangelsa er að fullnusta refsidóma samkvæmt efni þeirra þannig að dæmdir menn taki út þá refsingu sem þeim hefur verið ákvörðuð í dómi. Fangelsismálastofnun telur að það sé meginmarkmið með fangelsun að hún fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætluð sérstök og almenn varnaðaráhrif fangelsisvistarinnar séu virt. Að lokinni refsivist snýr fangi aftur út í samfélagið og því er þjóðfélagslega hagkvæmt að draga úr líkum á endurkomu hans í fangelsi vegna nýrra afbrota. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að sett verði þau markmið að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín. Til að ná fram þessum markmiðum þarf að setja fram einstaklingsmiðaða áætlun um framvindu afplánunarferils sérhvers fanga í upphafi refsivistar. Áætlun þessi fæli í sér þætti eins og áhættumat, meðferðarþörf, getu til náms og/eða vinnu, sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Eftir þessari áætlun yrði síðan unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og áætlunin endurskoðuð reglulega. Þegar kemur að lokum afplánunar viðkomandi yrði stuðlað að því, í samvinnu við fangann, að hann ætti fastan samastað,

hefði góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini, kynni að leita sér aðstoðar og næði að fóta sig í samfélaginu⁶.

Ljóst er að stefna fangelsismálayfirvalda á Íslandi er í fullu samræmi við þau sjónarmið sem evrópskar fangelsisreglur endurspeгла og þess má víða sjá merki að unnið er að því að gera fangelsisvist að betrunarvist. Nefndin fagnar þeirri miklu áherslu sem er á mikilvægi menntunar.

7. Fangar á Íslandi

Fimm fangelsi eru í landinu, Fangelsið Litla-Hrauni, Hegningarhúsið, Skólavörðustíg 9, Fangelsið Kvíabryggja í Grundarfirði, Fangelsið Kópavogsbraut 17 og Fangelsið á Akureyri. Hluti fanga á Íslandi afplánar einnig dóma annars staðar en í fangelsum, eða í áfengis- og fíkniefnameðferð, á áfangaheimili Verndar, á Sólheimum og á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum. Á töflunni hér að neðan sést meðaltal fanga pr. dag í hverju úrræði árið 2006:

Árið 2006	Meðaltal fanga pr. dag
Hegningarhúsið	11.9
Fangelsið Litla-Hrauni	77.1
Fangelsið Kvíabryggju	12.9
Fangelsið Akureyri	5.4
Fangelsið Kópavogsbraut 17	10.3
Barnaverndarstofa	0.3
Áfengis- og fíkniefnameðferð	6.5
Vernd	17.4
Sólheimar	2.1
Sjúkrahús og aðrar stofnanir	0.7
Alls	144.6

(heimild: Fangelsismálastofnun ríkisins)

⁶ Valtýr Sigurðsson. 2004. Markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbygging fangelsanna (www.fangelsi.is/fangelsismalastofnun-rikisins/ skoðað 14. nóvember 2007)

Fjöldi og aldurskipting fanga sem luku afplánun eða voru í afplánun óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar í lok árs 2006 er eftirfarandi :

Aldur	fjöldi	%
16-17 ára	2	0,6
18-20 ára	12	3,6
21-25 ára	77	23,3
26-30 ára	85	25,7
31-35 ára	55	16,6
36-40 ára	32	9,7
41-50 ára	49	14,8
51-	19	5,7
Alls	331	100,0

(heimild: Fangelsismálastofnun ríkisins)

Eins og sést í þesari töflu, eru 65.6 prósentafplánunarfanga á Íslandi á aldrinum 21-35 ára.

Fjöldi og aldurskipting fanga sem luku samfélagsþjónustu, rufu eða voru í samfélagsþjónustu óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar í lok árs 2006 :

16-17 ára	0	0,0
18-20 ára	4	3,6
21-25 ára	25	22,3
26-30 ára	33	29,5
31-35 ára	8	7,1
36-40 ára	12	10,7
41-50 ára	16	14,3
51-	14	12,5
Alls	112	100,0

(heimild: Fangelsismálastofnun ríkisins)

Ítarlegar upplýsingar um málefni fanga á Íslandi er að finna á heimasíðu Fangelsismálastofnunar ríkisins, www.fangelsi.is.

8. Námsframboð í fangelsum á Íslandi í dag

Á Litla-Hrauni er rekinn skóli undir stjórn Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi (FSu). Sérstakur kennslustjóri frá skólanum stjórnar náminu og skipuleggur. Kennarar frá FSu koma á Litla-Hraun og sinna kennslunni. Aðstaða til námsins verður að teljast sæmilega góð. Nettenging er við móðurskólann undir eftirliti kennara. Ingi S. Ingason, kennslustjóri, segir skólastarfið á Litla-Hrauni jafngamalt skólanum. Áður var þessi kennsla á vegum lðnskólans á Selfossi (frá 1978). Kennari frá FSu var ráðinn 1981. Gerður var munnlegur samningur milli menntamálaráðuneytis og skólans, skriflegur samningur hefur aldrei verið gerður. Ingi S. tók við þessari kennslu 1986 og hefur haft umsjón með henni síðan.

Kennslustjóri er á Litla-Hrauni 7 klst. á viku auk þess að sækja fasta fundi vikulega með öðru fagfólki á staðnum. Hann sækir einnig fundi með geðlækni staðarins og einum sálfræðingi. Einn nemandi frá Litla-Hrauni stundar nú nám á Selfossi. Faggreinakennarar frá FSu koma á Litla-Hraun. Námsgreinar eru: enska, íslenska, stærðfræði, spænska, íþróttir, grunnteikning og málmíðn. Stærðfræðikennarinn er einnig faggreinakennari í viðskiptagreinum og kennslustjórinn er þýskukennari. Undanfarin ár hefur lífsleiknikennari kennt LKN 103 á Litla-Hrauni á vorönn. Einn nemandi á Litla-Hrauni er í fjarnámi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Grundarfirði (Angel-námsumhverfi sem bæði FSN og FSu nota). Guðbjörg Aðalsteinsdóttir, skólameistari, segir reynslu skólans af kennslu fanga áhugaverða.

Gott samstarf er milli skólans á Litla-Hrauni um fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla og Verslunarskóla Íslands (WebCT-námsumhverfi). Fangar á Litla-Hrauni hafa einnig verið í fjarnámi við Iðnskólann í Reykjavík, Háskólann í Reykjavík og Háskólann að Bifröst. Þetta varð mögulegt með tilkomu tölvutengingar, en krefst manns til að hafa eftirlit. Sumir kennarar frá FSu kenna fleiri en eina námsgrein og stöðugleiki er í kennaraliði. Sumar námsgreinar eru einungis kenndar í fjarnámi. Greiðslur til kennara eru skv. öldungadeildartaxta. Nemendur undirrita samning um að vera fíkniefnalausir og stunda námið af alúð. Fá tilvik eru um að þessar reglur séu brotnar.

Um 30 nemendur innritast að hausti og 13-17 taka próf og er brottfall því mikið eða um 50%.

Allt nám sem ekki er staðbundið á Litla-Hrauni greiða fangar sjálfir. Fangelsið sér nemum fyrir kennslubókum eins og kveðið er á um í lögum.

Í Kópavogsfangelsi er rekinn skóli undir stjórn Menntaskólans í Kópavogi (MK) og er náminu stjórnað af námsráðgjafa frá MK. Kennarar mæta á staðinn og kennslan er mikið til einstaklingsbundin. Einn klefi hefur verið tekinn undir kennsluna en eðli máls samkvæmt eru nemendur fáir, oft tveir til þrír. Þessi klefi er þó ekki alltaf tiltækur til kennslu svo stundum er kennt í borðstofu. Möguleiki er á nettengingu undir eftirliti kennara.

Í hinum fangelsunum er ekki um staðbundna kennslu að ræða og aðstaða lítil eða engin. Á Kvíabryggju er þó aðstaða á bókasafni. Nokkrir fangar á Kvíabryggju hafa stundað fjarnám og hefur þeim verið heimilaður takmarkaður aðgangur að Netinu.

Í Hegningarhúsi og fangelsinu á Akureyri hafa áhugasamir fangar getað stundað fjarnám eða sjálfsnám en eru ekki nettengdir. Aðstandendur og fangaverðir hafa hjálpað til að

sækja og senda námsefni. Mjög erfitt er um vik í þessum tveimur fangelsum en aðstæður munu batna verulega á Akureyri þegar endurbyggingu verður lokið.

9. Fyrirhugaðar breytingar á fangelsismálum á Íslandi

Miklar breytingar standa yfir og eru fyrirhugaðar á fangelsum landsins.

Fangelsið Kvíabryggja var formlega tekið í notkun í byrjun október eftir stækkun og verulegar endurbætur þar sem eftirleiðis verður unnt að vista 22 fanga af báðum kynjum í stað 14. Á þessum tímamótum var byrjað að vinna eftir nýjum leiðum í fangelsinu. Fangelsið er nú formlega skilgreint sem opið fangelsi sem felur í sér að fangar sem þar vistast njóta ákveðins frelsis umfram þá sem vistast í lokuðu fangelsi. Þeir taka jafnframt á sig ábyrgð í samræmi við það. Til að eiga möguleika á vistun á Kvíabryggju verður fangi að gangast undir ákveðin skilyrði svo sem að vinna eftir ákveðinni dagskrá, vera ekki háður vímuefandi efnum eða ávanabindandi lyfjum, stunda vinnu eða nám o.fl.

Fangelsið Akureyri hefur verið lokað frá því í maí og er nú unnið að endurbyggingu þess. Eftir breytingu fjölgar rýmum þar úr 8 í 10. Í fangelsinu verður m.a. kennsluástaða, sem ekki var til staðar áður.

Hólmsheiði. Vinnu við þarfagreiningu fyrir nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu (Hólmsheiði) er lokið en nokkurra mánaða vinnu er ólokið við frumathugun.

Mikil áhersla var lögð á vandaða þarfagreiningu varðandi hönnun þess af hálfu fangelsismálastofnunar, enda um flókið mál að ræða. Ekki síst þar sem fyrirhugað fangelsi á Hólmsheiði á að leysa af hólmi Hegningarhúsið, Fangelsið Kópavogsbraut 17 og gæsluvarðhaldsdeildina á Litla-Hrauni. Fyrirhugað er að fangelsið verði mjög deildaskipt og nútímalegt margnota fangelsi, þar sem gert er ráð fyrir móttöku fanga og afplánunardeild styttri dóma, afeitrunar- og meðferðardeild í samvinnu við SÁÁ eða sambærilega aðila, gæsluvarðhaldsdeild og sjúkradeild fyrir fanga með geðræn vandamál sem dæmdir eru til fangelsisrefsingar.

Fangelsið Litla-Hraun: Teikni- og hönnunarvinna vegna umfangsmikilla breytinga á Litla-Hrauni hefst væntanlega eftir áramót. Fyrirhugaðar eru ýmsar breytingar svo sem bygging nýs móttöku- og heimsóknarhúss við núverandi inngönguhlið, stækkun vinnuskála fyrir fanga og tengibygging sem mun m.a. hýsa yfirstjórn fangelsisins. Enn fremur er stefnt að því að bæta verulega aðstöðu bæði fanga og starfsmanna.

Nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði í október 2006 undir stjórn Margrétar Frímansdóttur, fyrrverandi alþingismanns, hefur undanfarna mánuði unnið að því að leggja fram tillögur að markvissri stefnu varðandi framtíðarrekstur Fangelsisins á Litla-Hrauni. Skýrsla nefndarinnar er aðgengileg á heimasíðu dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fangelsismálastofnunar⁷ Hefur Margrét nú verið ráðin til þess að fylgja tillögum nefndarinnar eftir.

Þann 12. nóvember 2007 var opnuð vímuefnalaus deild í Fangelsinu á Litla-Hrauni. Tilgangur slíkrar deildar er fyrst og fremst sá að veita einstaklingum sem vilja vera án vímuefna, tækifæri til að dveljast á deild þar sem yfirlýstur vilji allra fanga sem þar dveljast, er að nota ekki vímuefni. Jafnframt að þeir fái stuðning og aðhald til að vera vímuefnalausir. Aðhald og stuðningur við þá sem vistast á meðferðardeildinni felst fyrst og fremst í því að veita fræðslu og stuðning varðandi vandamál og skaðsemi fíkniefnaneytslu, erfiðleika sem fylgja slíkri neyslu og síðast en ekki síst fræðsla um það hvernig á að lifa lífinu án vímuefna. Eins verður þátttakendum gefið tækifæri til að takast á við hagnýt verkefni svo sem að elda, þrifa, þvo þvotta, halda heimilisbókhald og fleira í þeim dúr⁸

Ljóst er að aðstaða til náms innan fangelsa á Íslandi mun stórbatna þegar fyrirhugðaðar breytingar á fangelsum verða komnar til framkvæmda. Þau fangelsi þar sem aðstaða til náms er léleg eða engin verða lögð niður og nefndin fagnar því að gert sé ráð fyrir sem bestri aðstöðu til hvers kyns náms í fangelsum í framtíðinni.

10. Greiðslur til fanga vegna náms

Í 4. grein reglugerðar nr. 961/2005 um fullnustu refsinga segir að fangi skuli fá þóknun fyrir hverja kennslustund, en þó ekki fyrir fleiri en fimm klst. á dag. Fangelsismálastofnun gefur út gjaldskrá fyrir störf afplánunarfanga og er henni skipt í fjóra flokka eftir eðli starfa. Nám er þar flokkað í 2. flokk ásamt störfum í þvottahúsi, við almennt viðhald, heyvinnu, lóðarsnyrtingu, þökkun, umbrotsvinnu og sambærilegum störfum. Í þriðja flokk raðast störf við brettasmíði, vinnu á járnsmíðaverkstæði, við númeragerð, pappaöskjuframleiðslu, steypuframleiðslu, vinnu á trésmíðaverkstæði, vélaviðgerðir og

⁷ (www.domsmalaraduneyti.is/media/frettir/Lokaskyrsla_Litla_Hraun.PDF) (www.fangelsi.is)

⁸ (skoðað á heimasíðu Fangelsismálastofnunar, www.fangelsi.is, 3.12.2007)

sambærileg störf. Þarna munar um 30 kr./klst. Í ritgerð Aðalheiðar Drafnar Eggertsdóttur kemur fram að fangar sem hún tók viðtöl við gagnrýna að námi sé ekki gert hærra undir höfði hvað varðar greiðslur. Nefndin leggur til að fangelsismálastofnun taki þessa gjaldskrá til endurskoðunar, bæði með tilliti til hvar nám flokkast og einnig til fjölda klukkustunda sem greitt er fyrir á dag. Gera þarf ráð fyrir heimavinnu fanga sem stunda nám og mikilvægt er að greiðslufyrirkomulag sé ekki hindrun þegar fangi stendur frammi fyrir því vali að fara í nám eða ekki.

Brýnt er að fangar geti stundað nám hluta úr degi og unnið síðan önnur störf ef þeir óska. Eðlilegt verður að teljast að fangar sem stunda nám sitt af alúð og leggja sig fram fá greitt sem svarar fullum vinnudegi í fangelsi. Kennslustjóra og/eða forstöðumanni fangelsis verði falið að meta hve mikinn tíma hver fangi nýtir til náms á hverjum degi og taka þarf tillit til þess tíma sem hann nýtir til náms utan hefðbundinna kennslustunda. Sama gildir um fanga sem stunda dreif- eða fjarnám.

11. Menntunarmál fanga á Norðurlöndum

Norðurlöndin hafa átt í samstarfi um menntunarmál fanga og vinnu í fangelsum í áratugi. Íslendingar taka virkan þátt í samstarfi Norðurlandanna um menntunarmál fanga. Meðal verkefna hafa verið ráðstefnur um menntun í fangelsum, sem haldnar eru annað hvert ár. Þessar ráðstefnur voru í samvinnu við Nordens Folkliga Akademi (NFA). Sú stofnun var lögð niður árið 2004, í tengslum við endurskipulagningu verkefna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Í framhaldi af því var tekin sú ákvörðun að efna til samstarfs við Nordisk Nätverk för Vuxnas Lärande (NVL), sem er tengt Norrænu ráðherranefndinni. Erlendur S. Baldursson, fulltrúi Fangelsismálastofnunar ríkisins í nefndinni, er fulltrúi Íslands í Nordisk nettverk for fengselsundervisningen og hefur sameiginleg heimasíða verið opnuð (www.fengselundervisning.net). Á nýju heimasíðunni er að finna upplýsingar um tengslanetið sem hóf störf í janúar 2006. Þar eru lýsingar á verkefnum sem unnið er að í fangelsisfræðslunni, fréttir, upplýsingar, rannsóknir, úttektir auk dæma um það sem vel hefur reynt í fangelsisfræðslu. Árið 2005 gaf norræna ráðherranefndin út bók um menntun fanga á Norðurlöndum, Nordic Prison Education⁹, þar sem er að finna ítarlegar upplýsingar um menntunarmál í fangelsum á Norðurlöndum. Í bókinni kemur fram að hinn dæmigerði norræni fangi sé yfir þrítugt, hann hafi stutta skólagöngu að baki og litla reynslu af þátttöku í atvinnulífnum og eigi í vímuefnavanda. Á norrænum fundi um menntun

⁹ Nordic Prison Education a Lifelong Learning Perspective. 2005.TemaNord.

í fangelsum, sem haldinn var í Reykjavík í september sl., kom fram að víða á Norðurlöndum er verið að gera tilraunir með netnotkun í fangelsum og sumsstaðar hefur hún verið leyfð, einkum í opnum fangelsum.

Kennsla fanga er skipulögð með ýmsu móti, utan eða innan fangelsa. Skipta má fyrirkomulagi kennslu í fangelsum í eftirtalda flokka:

A) Almenn kennsla:

Almenn kennsla (Eksportmodellen): – Kennarar ráðnir af yfirvöldum menntamála, fangar sækja kennslu utan fangelsis við almennar menntastofnanir. Almenna menntakerfið er ábyrgt fyrir innihaldi náms, skipulagningu og fjármögnun. Lög um skólustarf gilda fyrir alla, engin sérstök lög eru um menntun í fangelsum. Sami aðgangur að menntun fyrir fanga og aðra þjóðfélagsþegna. Kennarar eru þeir sömu og í almenna menntakerfinu og þeir fangar sem stunda nám sækja skóla utan fangelsa.

B) Kennsla innan fangelsa:

Eigin kennsla (Selvforsyningsmodellen): – Kennarar ráðnir af yfirvöldum fangelsismála. Kennsla er skipulögð bæði gegnum hegningarlög og lög um skóla. Fangelsismálayfirvöld bera alla ábyrgð á menntun, líka fjárhagslega. Aðgengi að menntun skal vera hið sama og fyrir aðra eins og mögulegt er. Samvinna nauðsynleg milli yfirvalda fangelsismála og menntamála.

Aðfengin kennsla (Importmodellen): – Kennarar ráðnir af yfirvöldum menntamála sem bera ábyrgð á menntun í fangelsum, einnig fjárhagslega ábyrgð. Kennarar eru ráðnir við nærliggjandi skóla sem bera faglega og fjárhagslega ábyrgð á kennslunni, en kennsla fer fram í fangelsinu. Lög um skóla gera engan greinarmun á kennslu innan fangelsis og úti í samfélaginu. Stefnan er samskonar námstilboð innan fangelsis og utan.

Aðfengin kennsla með samningi (Kontraktsmodellen): – Kennarar ráðnir af yfirvöldum menntamála með samningi við fangelsismálayfirvöld. Sami aðgangur að menntunartilboðum eins og úti í samfélaginu. Menntun byggir á lögum um fullnustu refsinga og ábyrgð er á höndum fangelsismálayfirvalda. Kennsla aðkeypt frá hinum ýmsu menntastofnunum. Samvinna mikilvæg milli yfirvalda fangelsismála og menntamála til að tryggja jafnræði.

Blönduð leið (Blandningsmodellen): – Kennarar ráðnir bæði af yfirvöldum fangelsismála og menntamála. Enginn munur er í lögum um skóla á menntun í fangelsum og í skólum. Ábyrgðin liggur að jöfnu hjá báðum aðilum.¹⁰

12. Fyrirkomulag kennslu í fangelsum á Norðurlöndum

Danmörk

Réttur fanga til menntunar er skýr, þeir hafa sama rétt og aðrir borgarar. Í lögum um fullorðinsfræðslu segir að allir fullorðnir hafi rétt til menntunar. Þessi réttur er tiltekinn í lögum um fullnustu refsinga þar sem kveður á um að fangar eigi rétt á og beri skyldu til að stunda vinnu, nám eða taka þátt í annarri viðurkenndri starfsemi. Flestir kennarar í dönskum fangelsum eru fastráðnir af dómsmálaráðuneytinu. Fyrirkomulagið er *Eigin kennsla* (selvforsyningsmodellen) sem áður er lýst. Í hegningarhúsum (arresthuse) er kennslan jöfnum höndum á vegum fangelsiskennara og stundakennara frá nágrannaskólum. Í opnum fangelsum hafa flestir fangar aðgang að kennslu með aðstoð Netsins og aðgang að tölvupósti.

Finnland

Samkvæmt finnskum lögum eiga allir rétt á grunnmenntun. Ennfremur segir í lögum að allir, fangar meðtaldir, eigi rétt á menntun umfram almenna grunnmenntun, eftir þörfum. Menntamálayfirvöld í Finnlandi ákveða hvaða skólar bjóði upp á almenna framhaldsskólamenntun og hverir bjóði upp á starfsmenntun. Verkstæði í fangelsum eru viðurkennd sem starfsmenntunarstaðir. Fyrirkomulag kennslu í fangelsum er þrískipt, *Blönduð leið* (blandningsmodell). Í flestum fangelsum eru kennarar frá nærliggjandi skólum, kennarar ráðnir af dómsmálaráðuneyti eru við þrjú fangelsi og einnig er möguleiki á að ráða kennara samkvæmt sérstökum samningi. Ef fangi sem er að losna úr afplánun hefur stundað nám í fangelsinu, ber kennara og náms- og starfsráðgjafa að hvetja hann til að stunda áframhaldandi nám að lokinni afplánun. Fyrirkomulag starfsnáms er þannig að auðvelt er að halda áfram námi.

¹⁰ St.meld.nr.27 (2004-2005) Om opplæringen innenfor kriminalomsorgen “Enda en vår”. Det Kongelige Utdannings- og forskningsdepartementet (<http://odin.dep.no>)

Svíþjóð

Þróunin í Svíþjóð hefur verið með nokkuð öðru móti en á hinum Norðurlöndunum. Fram undir 1990 var menntun í fangelsum hluti af fullorðinsfræðslu í landinu fyrir þá sem höfðu litla menntun eða höfðu fengið takmörkuð tækifæri til að afla sér menntunar. Fangar höfðu sama rétt til grunnnáms og aðrir borgarar. Á þeim tíma færðist fjárhagsleg ábyrgð á menntun í fangelsum frá menntamálaráðuneyti til dómsmálaráðuneytis. Þar með áttu fangar ekki sama rétt til náms samkvæmt löggjöf um skóla. Menntun fanga er lagalega tryggð í lögum um fullnustu refsinga (Lagen om kriminalvård i anstalt). Kennsla fer fram samkvæmt samningi við fullorðinsfræðslustofnanir (kontraktmodellen). Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að fangelsin hafa ráðið kennara sem fá laun sín greidd frá fangelsismálayfirvöldum en fá jafnframt faglega ráðgjöf frá CFL (Nasjonalt sentrum för flexibelt lärande). Námsstilboð eru í samræmi við það sem almennt gildir um fullorðinsfræðslu í landinu.

Noregur

Fangar, jafnt sem aðrir þjóðfélagsþegnar, eiga rétt á kennslu við hæfi. Þá er réttur þeirra sem eru fæddir fyrir 1978 og hafa ekki lokið grunnskólanámi sérstaklega tryggður og eiga þeir rétt á að ljúka grunnskólanámi og til sérkennslu. Þá eiga fullorðnir rétt á raunfærnimati. Skipulag kennslu í fangelsum í Noregi er í samvinnu menntamálayfirvalda og dómsmálayfirvalda (*Blönduð leið*). Á þann hátt er tryggt að fangar fái sams konar námsstilboð og aðrir. Í lögum um fullnustu refsinga er kveðið á um að fangelsismálayfirvöld, í samvinnu við aðrar opinberar stofnanir, sjái til þess að fangar njóti þess réttar sem þeim ber.¹¹

13. Íslenskar rannsóknir á menntunarmálum fanga

Í þessum kafla verður fjallað um þrjár nýlegar íslenskar rannsóknir þar sem menntunarmál fanga í íslenskum fangelsum hafa m.a. verið rannsökuð.

Í ársskýrslu Fangelsismálastofnunar ríkisins fyrir árið 2003 eru birtar niðurstöður úr rannsókn Margrétar Sæmundsdóttur á félagslegri stöðu fanga og afbrotum þeirra. Rannsóknin tekur til fanga sem hófu afplánun í íslenskum fangelsum á tímabilinu

¹¹ St.meld.nr.27 (2004-2005) Om opplæringen innenfor kriminalomsorgen “Enda en vår”. Det Kongelige Utdannings- og forskningsdepartementet (<http://odin.dep.no>)

september 1998 til loka ársins 2003 og voru að afplána í fangelsi í lengri tíma en 15 daga. Þeir útlendingar sem afplánuðu í fangelsunum en höfðu aldrei búið á Íslandi voru ekki teknir með en þeir voru á þessu tímabili um 3% allra fanga. Á þessu tímabili komu 1240 einstaklingar í fangelsin að meðtöldum þeim sem komu oftast en einu sinni. Svarhlutfall í rannsókninni var 96%. Hér verða skoðaðar niðurstöður Margrétar er varða menntun svarenda.

Rúmur meirihluti allra fanganna eða um 53% sagðist ekki hafa lokið eða aðeins lokið grunnskólaprófi og tæplega fjórðungur hafði byrjað í framhaldsskóla en hætt án þess að ljúka námi. Samanlagt segja þessar tölur að um 75% fanganna höfðu ekki lokið menntun umfram grunnskóla. Enginn kvenfanganna hafði lokið iðnmenntun en að öðru leyti var ekki mikill munur á menntunarstöðu kynjanna. Ekki var heldur að finna marktækan mun á milli aldurshópa fanganna og menntun umfram grunnskóla. Séu skoðaðar tölur frá Hagstofu Íslands um aldur og menntun Íslendinga á aldrinum 25 ára til 64 ára, er hlutfall þeirra sem hafa einungis lokið grunnenntun eða skemmri framhaldsskólamenntun um 45%. Í rannsókn um ungt fólk í Reykjavík sem áður hefur verið getið um og tekur til einstaklinga fæddra á árinu 1979 hafði rúmlega fjórðungur einungis lokið grunnskólaprófi við 22 ára aldurinn. Ljóst er við þennan samanburð að hlutfallslega mun fleiri fangar eru með minni menntun en tölur segja almennt til um varðandi menntun í samfélaginu.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir sem hafa sýnt fram á að fangar hafi almennt stutta skólagöngu. Þannig hafa rannsóknir leitt í ljós að það sé samband á milli brottfalls ungs fólks úr skóla og afbrotahæðunar.¹²

Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir skrifaði M.A ritgerð við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands árið 2006. Ritgerð hennar nefnist: Menntun í fangelsum; "Það eina góða þarna inni". Rannsókn Aðalheiðar Drafnar er eigindleg, hún skoðaði menntun í fangelsum út frá viðhorfum viðmælenda, sem voru fimm einstaklingar sem stunduðu nám á meðan þeir afplánuðu dóm á Litla-Hrauni. Markmiðið var að fá fram viðhorf fanganna sjálfra til menntunarinnar og að skoða hvaða þættir hefðu áhrif þar á. Helstu niðurstöður bentu til þess að menntunin hafi gríðarleg og jákvæð áhrif fyrir þennan hóp sem birtist m.a. í auknu sjálfstrausti þeirra sem aftur leiddi til þess að þeir höfðu allir frekari framtíðaráform er sneru að því að ljúka námi eða að þeir höfðu lokið námi og störfuðu við sitt fag. Einnig leiddu niðurstöður í ljós mikilvægi félagslegs stuðnings fyrir þessa einstaklinga í náminu. Fjölskyldan og nánasta umhverfi hafði þar mikil áhrif. Helstu hindranir er vörðuðu menntunina voru neikvætt viðhorf fangavarda, skortur á fjármagni þar sem þeir töldu að

¹² Margrét Sæmundsdóttir. 2003. Félagsleg staða fanga og afbrot þeirra. (skoðað á vef Fangelsismálastofnunar 25. október 2007).

námið væri ekki litið sömu augum og önnur vinna í fangelsinu og mótsagnir kerfisins um hvort fangelsisvistin ætti að vera refsing eða betrun. Einnig var kennslufyrirkomulagið skoðað og leiddu niðurstöður í ljós að það hentaði sumum vel en gæti virkað sem hindrun fyrir þann hóp sem á við einhvers konar námsörðugleika að etja. Fram kemur í rannsókn Aðalheiðar að: “Allir mínir viðmælendur eiga það sameiginlegt að hafa verið boðið að taka út refsinguna á Kvíabryggju, en afþakkað vegna þess að þar var ekki boðið upp á neins konar nám. Þeir völdu það að sitja inni á Litla-Hrauni vegna námsins sem þar var í boði” (bls. 35). Þetta segir margt um hve mikilvægum augum sumir fangar líta það að fá tækifæri til náms í fangelsi að þeir velja að afplána fangavist í lokuðu fangelsi fremur en opnu vegna möguleikanna til menntunar.¹³

Menntun, menntunarbakgrunnur og námsáhugi íslenskra fanga: Rannsókn gerð að tilhlutan menntamálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis í samvinnu við Fangelsismálastofnun ríkisins.¹⁴ Verkefni þetta er hluti af samnorrænni rannsókn á menntun, menntunaraðstæðum og námsáhuga fanga á öllum Norðurlöndum. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands sá um framkvæmd íslensku rannsóknarinnar. Umsjón með framkvæmd var í höndum Helga Gunnlaugssonar afbrotufræðings. Bogi Ragnarsson félagsfræðingur lagði spurningalistana fyrir fanga og vann úr gögnum í samvinnu við Helga. Endanleg skýrsla þeirra var tilbúin í maí 2007. Í skýrslunni er að finna margvíslegar upplýsingar um menntunarstöðu íslenskra fanga og því þykir nefndinni ástæða til að hún fylgi með skýrslu nefndarinnar. Hér verður engu að síður vitnað í ýmsar af þeim niðurstöðum sem fram koma í skýrslu Félagsvísindadeildar, einkum þegar fjallað er um þá hópa sem nefndinni var sérstaklega falið að skoða.

Spurningalistar voru lagðir fyrir alla þá sem orðnir voru 18 ára og sátu í íslenskum fangelsum dagana 10. október til 2. nóvember 2006. Áður en spurningalistarnir voru lagðir fyrir var öllum föngum sent bréf þar sem fram kom hverjir stæðu að rannsókninni og að hún væri hluti af samnorrænni rannsókn (sjá bréf í viðauka bls. 56 í rannsókn Félagsvísindastofnunar). Bogi Ragnarsson lagði spurningalistana fyrir og var þeim föngum sem þess óskuðu til aðstoðar við að fylla listana út. Spurningalistinn var einnig aðgengilegur á ensku en ekki öðrum erlendum tungumálum. Þá daga sem spurningalistarnir voru lagðir fyrir sátu alls 119 fangar inni í fangelsunum fimm

¹³ Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir. 2006. Menntun í fangelsum: “Það eina góða þarna inni” MA ritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild

¹⁴ Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson. 2007. Menntun, menntunarbakgrunnur og námsáhugi íslenskra fanga. Könnun gerð að tilhlutan menntamálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis í samvinnu við Fangelsismálastofnun ríkisins. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

(Hegningarhús, Kópavogsbraut 18, Kvíabryggja, Akureyri, Litla-Hraun). Svarhlutfall var að meðaltali 66%, lægsta svarhlutfall var í Hegningarhúsi, eða 42% og hæst á Kvíabryggju, eða 93%. Á Litla-Hrauni, stærsta fangelsinu, var svarhlutfall 67%. Þegar prósentutölur eru skoðaðar er nauðsynlegt að hafa í huga fjölda fanga í hverju fangelsi, en flest fangelsin eru lítil, t.d. voru 12 fangar í Hegningarhúsi daginn sem spurningalistarnir voru lagðir fyrir og fimm þeirra svöruðu spurningalistunum. Þar eru aðstæður til náms takmarkaðar og enginn fangi sem þar var stundaði nám þegar rannsóknin var lögð fyrir, sem getur skýrt að hluta þetta lága svarhlutfall. Önnur mikilvæg ástæða getur að mati skýrsluhöfunda verið sú mikla fangavelta sem er í fangelsinu, en það þjónar sem nokkurs konar móttökufangelsi og fangar dvelja þar að jafnaði stuttan tíma. Þá daga sem rannsóknin var lögð fyrir á Litla-Hrauni voru 73 fangar vistaðir þar og 49 þeirra svöruðu. Litla-Hraun er eins og áður hefur komið fram eina fangelsið á landinu þar sem skólavist er í boði á staðnum. Á Kvíabryggju voru 14 fangar og 13 þeirra svöruðu rannsókninni. Tveir fangar á Kvíabryggju stunduðu fjarnám þegar rannsóknin var lögð fyrir.

Nokkrir erlendir fangar gátu ekki svarað spurningalistunum þar sem þeir töluðu hvorki íslensku né ensku.

Langflestir þeirra fanga sem stunduðu nám í fangelsum landsins afplánuðu á Litla-Hrauni, eða 17 af þeim 20 sem svöruðu að þeir stunduðu nám. Helstu niðurstöður úr rannsókninni eru þessar:

- Alls 12 sögðust ekki hafa lokið neinu námi og 16 til viðbótar sögðust ekki hafa náð að ljúka 10. bekk grunnskólans. Meira en þriðjungur allra þeirra sem svöruðu listanum sögðust því ekki hafa lokið grunnskólaprófi. Til viðbótar höfðu alls 14 lokið grunnskóla, gagnfræðaskóla eða landsprófi. Átta sögðust hafa framhaldsskólamenntun að baki án þess að ljúka námi. Tíu sögðust hafa lokið sérnámi. Átta sögðust hafa lokið verknámi eða fullu starfsnámi og einn stúdentsprófi. Sjö sögðust hafa lokið háskólanámi og einn tekið stök námskeið á háskólastigi.
- Alls 12 sem höfðu verið í framhaldsskóla höfðu valið almenna námsbraut, 12 almenna bóknámsbraut, 10 starfsnámsbraut og 4 viðskiptabraut.
- Alls 27 eða rúmur þriðjungur þeirra sem svöruðu listanum sagðist stunda nám í fangelsinu. Alls 44 eða 62% vistmanna stunduðu því ekki nám í fangelsinu meðan á rannsókninni stóð. Rúmur helmingur þeirra sem stundaði nám í fangelsinu var á framhaldsstigi og rúmlega 10% voru í undirbúningsnámi að stúdentsprófi. Þrír stunduðu nám á háskólastigi, fjórir grafíska hönnun, tölvufræði og húsasmíði.

- Mjög fjölbreyttar námsleiðir á framhaldsstigi eru valdar. Starfstengdar námsbrautir eru algengar en þriðjungur var á almennri - og félagsfræðibraut.
- Af þeim 44 föngum sem ekki stundaði nám í fangelsi töldu 17 (39%) að skortur á upplýsingum sé stærsta hindrunin að námi og 12 (27%) lélegar námsaðstæður helstu ástæður þess að þeir stunda ekki nám.
- Alls 22 fangar sögðust vilja hefja nám í framhaldsskóla. Alls 13 fangar sögðust ekki hafa áhuga á að stunda nám í fangelsi.
- Meirihluti svarenda (70%) sagðist ekki eiga í erfiðleikum með lestur og skrift.
- Rúmur helmingur (53%) sagðist eiga erfitt með stærðfræði.
- Tæplega þriðjungur þeirra sem sagðist eiga í erfiðleikum með lestur, skrift eða stærðfræði hafði einhvern tíma verið rannsakaður vegna þessara námserfiðleika.
- Alls töldu 9% tölvukunnáttu sína afar slæma, tæplega 22% slæma, tæplega 31% miðlungs, tæplega 25% góða og um 13% mjög góða.
- Um 45% þeirra sem voru í námi töldu nám í fangelsi hafa mikla þýðingu til að auðvelda þeim að fá vinnu þegar þeir losna.
- Stór meirihluti þeirra (85%) sem stundaði nám í fangelsi töldu það mikilvægt til að nýta tímann í afplánun skynsamlega. Meira en helmingur sagði nám gera vistina léttbærari og rúmur helmingur að það sé mikilvægt til að undirbúa áframhaldandi nám að aflokinni afplánun.
- Aðeins 5% þeirra sem stunduðu nám í fangelsi töldu það mikilvægt til að eiga auðveldara með að fá vinnu innan fangelsisins.
- Aðeins 20% þeirra sem stunduðu nám í fangelsi töldu það mikilvæga ástæðu fyrir námsvali sínu vera aukið frelsi að deginum.
- Um 30% töldu námið mikilvægt til þess að hjálpa þeim að koma í veg fyrir að þeir fremji afbrot að afplánun lokinni.
- Alls um 70% þeirra sem voru í námi töldu aukna faglega þekkingu hafa mikla þýðingu í námsvali sínu.
- Mat vistmanna á kennslu innan fangelsisins sýndu að 58% voru ánægð með kennsluna innan fangelsisins.
- Meirihluti fanga í námi (70%) taldi aðgengi að tölvum of lítið við nám innan fangelsisins.
- Ástæður sem fangar gefa fyrir því að hætta í námi eru mjög fjölbreyttar. Námsaðstæður í fangelsi og persónulegar ástæður koma þar við sögu.

14. Notkun Netsins

Óhætt er að fullyrða að nám án aðgengis að Netinu sé álíka erfitt í framkvæmd í dag og nám án nauðsynlegra kennslubóka hefði verið fyrir nokkrum áratugum. Tækniþróun hefur verið svo ör á allra síðustu árum að enginn sér fyrir sér nútímalega menntastofnun án tengingar við Netið.

Í 1. mgr. 42. gr. laga um fullnustu refsinga segir m.a. að fangi geti haft tölvu í klefa sínum, en þó án nettengingar. Þetta ákvæði getur haft hamlandi áhrif til náms við ákveðnar aðstæður. Brynt er að breyta lögum á þann veg að fangi geti við ákveðnar aðstæður og að uppfylltum skilyrðum verið nettengdur vegna náms. Aðstaða og möguleiki til fjarnáms er nauðsynleg til þess að hægt sé að uppfylla lagaskilyrði um nám fanga einkum í minni fangelsunum þar sem ekki er í boði kennsla á staðnum.

Í fangelsinu Litla-Hrauni eru fangar tengdir við skólanet FSu í kennslustofu undir eftirliti kennara eins og áður hefur komið fram. Einnig er möguleiki á nettengingu í fangelsinu í Kópavogi undir eftirliti kennara. Nokkrir fangar á Kvíabryggju hafa fengið takmarkaða heimild til notkunar Netsins við nám en slíkt er ekki í boði í öðrum fangelsum landsins.

Heimild til náms utan fangelsis er að finna í 47. gr. laga um fullnustu refsinga en það er bundið því að fanginn þarf að jafnaði að hafa afplánað þriðjung refsitímans, þó að lágmarki eitt ár. Eðlilegt verður að teljast að fangar almennt stundi nám í fangelsinu sjálfu nema um sé að ræða langtímafanga.

Þá er í 24. gr. sömu laga heimild til þess að vista fanga á heimili eða sérstakri stofnun þaðan sem þeir geta stundað nám. Í dag geta fangar t.d. vistast á Vernd og stundað nám þaðan.

Nokkur þróun hefur átt sér stað í Netnotkun og kennslu í upplýsingatækni í fangelsum erlendis. Níu ríki í Evrópu settu árið 2006 á fót tilraunaverkefni sem miðaði að því að bæta menntun í fangelsum í Evrópu með notkun upplýsingatækni og brúa þannig bilið milli lífs innan veggja fangelsis og utan¹⁵. Verkefninu, PIPELINE (Partnerships In Prison Education: Learning In Networked Environments) lauk í lok ársins 2007 en það bauð meðal annars upp á kennslu í gerð heimasíðna og blaðaútgáfu¹⁶.

¹⁵ Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Þýskaland, Stóra Bretland, Grikkland, Rúmenía, Slóvenía og Tékkland.

Í skýrslu Evrópusambandsins frá 2006 um notkun tölvu og internets í skólum í Evrópu kemur fram að allir skólar á Íslandi noti tölvur við kennslu og séu tengdir interneti.¹⁷

Skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru 84% heimila á Íslandi árið 2006 með tölvu og 83% gátu tengst interneti. Enn fjölgar í hópi nettengdra heimila sem nota ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tengingu, en þeim hefur fjölgað úr 26% árið 2002 í 85% árið 2006. Heimili með börn yngri en 16 ára eru líklegri til að hafa ýmsan tæknibúnað heldur en heimili, þar sem allir heimilismenn eru 16 ára eða eldri. Þannig voru um 95% heimila með börn yngri en 16 ára með tölvu og internettengingu á mótum um 78% heimila án barna sem höfðu tölvu og 75% heimila án barna sem gátu tengst interneti.¹⁸

Nú stendur yfir stórt átak í gerð gagnvirks, stafræns námsefnis á Netinu. Menntamálaráðuneytið úthlutaði árið 2006 tæplega 50 milljónum til þessa átaks. Áhersla var lögð á námsefni í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði sem nýtist á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla. Námsefnið skyldi nýtast sem stuðningur við einstaklingsmiðað nám og sveigjanleika í kennslu. Einnig var gerð krafa um að námsefnið tengist markmiðum aðalnámskráa, það yrði tilbúið á árinu 2007 og yrði síðan öllum opið til notkunar a.m.k. í eitt ár.¹⁹ Fullvíst má telja að þetta námsefni sem nú er ýmist orðið aðgengilegt eða er í vinnslu, geti nýst stórum hópi fanga en með því skilyrði að þeir hafi aðgang að Netinu.

Þessi breytti veruleiki hlýtur að kalla á að lög og reglur um aðgengi fanga sem stunda nám að Netinu verði endurskoðaðar. Á Kvíabryggju hafa nokkrir fangar verið nettengdir vegna náms ákveðinn tíma að deginum undir eftirliti fangavarda. Engin vandamál hafa skapast hvað þetta varðar. Tæknin býður upp á að hægt sé að setja eldveggi svo og ströng skilyrði og eftirlit með notkun Netsins. Á misnotkun myndi verða tekið eins og hverju öðru agabroti í fangelsi og hægt að beita agaviðurlögum. Einnig er hægt að flytja menn sem uppvísir verða að misnotkun á milli fangelsa eða á deildir þar sem nettenging er ekki til staðar.

Nefndin leitaði eftir álitum fanga um netnotkun í fangelsum og sendi Afstaða, félag fanga, nefndinni skýrslu þar sem settar eru fram hugmyndir um nettengingar á Litla-Hrauni (sjá fylgiskjal). Í skýrslunni er lagt til að þeir fangar sem standa sig vel, sinna vinnu eða námi,

¹⁶ Upplýsingar um verkefnið má nálgast á <http://www.pipeline-project.org>. Skoðað 11. desember 2007.

¹⁷ EUROPEAN COMMISSION, Information Society and Media Directorate General, Lisbon Strategy and Policies for the Information Society Lisbon Strategy and i2010, Use of Computers and the Internet in Schools in Europe, 2006, Country Brief: Iceland).

¹⁸ Upplýsingatækni 2006:3. Hagtíðindi 91. árg. 35. tbl

eru agabrotslausir, sýna fyrirmyndarhegðun og þykja trausts verðir, hafi möguleika á að komast á nettengdan gang. Í skýrslunni eru settar fram hugmyndir um tæknilegar útfærslur og gerðar tillögur um að nettenging verði heimiluð á 2-3 göngum í húsi 4 til reynslu. Tillögur félagsins fela í sér að umsjón með netinu yrði í höndum opinberra aðila, líkt og Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytis, enda feli slík umsjón í sér skráningu á notkun sem og að loka á óæskilegar þjónustur, líkt og gert er víða á Íslandi, bæði í fyrirtækjum og stofnunum. Helstu kostir sem bent er á í þessari skýrslu eru betri hegðun og minna álag á starfsmenn, tækifæri á auknu fjarnámi, fjarvinna fyrir þann hóp fanga sem uppfyllir ákveðin skilyrði, betra samband við fjölskyldu og nánustu aðstandendur, bætt andleg líðan og sparnaður í fjarskiptum.

Nefndin leggur til að tenging við Netið verði heimiluð í opnu fangelsi svo sem Kvíabryggju þegar fangar eru í námi eða starfi þar sem notkun þess er nauðsynleg. Auk þess er lagt til að takmörkuð nettenging verði fyrir hendi í öllum fangelsum og geti fangelsismálastofnun í samráði við forstöðumann heimilað föngum í námi eða starfi aðgang að netinu undir eftirliti kennara eða fangavarda. Eðlilegt er að settar verði takmarkanir á notkun Netsins og að fangelsismálastofnun setji reglur um hvers konar aðgangur verði heimilaður.

15. Fangar með erlent ríkisfang

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun ríkisins hófu 207 fangar afplánun árið 2006. Þar af voru fangar með erlent ríkisfang 25 talsins eða 12 prósent. Af þessum hópi eru 23 karlar og tvær konur. Erlendu fangarnir eru á aldrinum 19-55 ára en meðalaldur þeirra er rúm 30 ár. Átta fangar úr þessum hópi afplána dóma sem eru eitt ár eða lengri, sá lengsti er 16 ár. Fangarnir koma frá 17 þjóðlöndum.

Til samanburðar hafa 133 fangar hafið afplánun það sem af er árinu 2007 og af þeim eru 23 með erlent ríkisfang, eða 17%. Úr þeim hópi afplána 15 fangar dóma sem eru eitt ár eða lengri. Það að ekki hafa fleiri en 133 fangar hafið afplánun það sem af er árinu 2007 (staðan 20. október 2007) skýrist meðal annars af því að fangelsið á Akureyri hefur verið lokað síðan í maí vegna endurbyggingar.

Gera má ráð fyrir að flestum föngum með erlent ríkisfang verði vísað úr landi að lokinni afplánun, sbr. 20. gr. laga um útlendinga nr.96/2002. Engu að síður er það staðreynd að nokkur hópur erlendra fanga dvelur í íslenskum fangelsum svo árum skiptir og virðist sá hópur fara stækkandi. Ekki er í lögum getið sérstaklega um rétt þessara fanga til

¹⁹ [Kynning á stafrænu námsefni. Skoðað 8. desember 2007 á http://www.menntagatt.is/default.aspx?pageid=531](http://www.menntagatt.is/default.aspx?pageid=531)

menntunar umfram það sem gildir almennt um fanga, einungis er kveðið á um rétt erlends fanga til að hafa samband við sendiráð eða ræðismann lands síns og rétt á túlkabjónustu þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun sé þess þörf. Einnig eiga erlendir fangar rétt á að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.²⁰

Nefndin lítur svo á að fangar sem hafa erlendan ríkisborgararétt og eru vistaðir í íslenskum fangelsum skuli njóta sama réttar og aðrir fangar til þeirrar þjónustu sem í boði er, þ.m.t. menntunar. Þegar horft er til þess að erlendir fangar sem hófu afplánun árið 2006 koma frá 17 þjóðlöndum er augljóst að aðeins hluti þeirra er mælandi á enska tungu og því nokkuð ljóst að þeir eigi ómögulegt með að eiga í samskiptum við aðra fanga og fangaverði. Þessir fangar búa því við meiri einangrun en samfangar þeirra sem hlýtur ekki einungis að skerða lífsgæði þeirra umfram aðra heldur einnig möguleika þeirra á að taka þátt í þeirri vinnu og endurhæfingu sem fram fer í fangelsi. Besti kosturinn í slíkri stöðu væri án efa ef viðkomandi fangar gætu afplánað dóm í heimalandi sínu þar sem þeir skilja tungumálið og eiga kost á menntun á því því tungumáli. Því er mikilvægt að kanna í hverju tilviki hvort slíku verði við komið. Í þeim tilvikum sem slíkt kæmi ekki til álita væri unnt að grípa til annarra úrræða. Fangar í þeirri stöðu ættu að eiga kost á að öðlast lágmarks kunnáttu í íslensku og er þá einkum átt við þá fanga sem fyrirsjáanlegt er að munu dvelja í íslenskum fangelsum um lengri tíma. Því leggur nefndin til að hugað verði að íslenskukennslu í fangelsum fyrir þá fanga. Íslenskuáfangar fyrir útlendinga (ÍSA-áfangar) eru kenndir við marga framhaldsskóla, m.a. Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi. Þá væri einnig hægt að leita til fræðsluaðila sem bjóða upp íslenskunámskeið, s.s. símenntunarmiðstöðva eða Alþjóðahúss. Hægt er að sækja um fjárveitingu til menntamálaráðuneytis til slíkra námskeiða. Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Þá þarf að huga að möguleikum þessa hóps til að stunda fjarnám við menntastofnanir í heimalöndum sínum að uppfylltum skilyrðum fangelsins um að mega stunda nám. Eðlilegt væri að náms- og starfsráðgjafi hefði frumkvæði að því að kynna viðkomandi föngum þá möguleika sem þeim gæti staðið til boða um að stunda nám í heimalandi.

16. Fangar með stutt nám að baki

Í rannsókninni á menntun í fangelsi kemur fram að 12 fangar af þeim sem svöruðu spurningalistunum hafa ekki lokið neinu námi og 16 til viðbótar hafa ekki lokið grunnskólaprófi eða meira en þriðjungur allra sem svöruðu (28 af 77). Átta sögðust hafa

²⁰ lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, 40. gr.

framhaldsskólamenntun að baki án þess að hafa lokið námi. Brottfall er mikið milli grunnskólastigs og framhaldsskólastigs og því mikilvægt að huga sérstaklega að námi á framhaldsskólastigi. Meirihluti fanga sem hefur stundað framhaldsnám er óviss um einingafjölda sinn sem bendir til að þeir séu ekki með námsbakgrunn sinn á hreinu. Þá kemur fram að margir hafa gefist upp í upphafi eða við lok námsins. Aðeins 13 einstaklingar af þeim sem svöruðu spurningalistanum sögðust ekki hafa áhuga á að stunda nám innan veggja fangelsisins. Mikill meirihluti þeirra sem ekki stunda nám hafa óskir um að hefja nám og vilja flestir hefja nám við framhaldsskóla og komast á iðnnámssamning. Fjöl margar aðrar námsóskir eru nefndar (sjá mynd 15 í rannsókninni). 39% þeirra fanga sem ekki stunda nám í fangelsi telja að skortur á upplýsingum sé stærsta hindrun að námi og 27% telja lélegar námsaðstæður helstu ástæður þess að þeir stundi ekki nám í fangelsinu. Þegar spurt er um lestrar- og skriftarörðugleika annars vegar og stærðfræðiörðugleika hins vegar kemur í ljós að tæplega þriðjungur telur sig eiga í erfiðleikum með lestur og skrift en 53% í erfiðleikum með stærðfræði. Þá vekur athygli að 31% telur tölvukunnáttu sína slæma eða afar slæma.

Ljóst er að hluti fanga á Íslandi hefur hvorki lokið skyldunámi í grunnskóla né framhaldsskólanámi. Þetta kemur heim og saman við ýmsar aðrar rannsóknir sem sýna fylgni milli stuttrar skólagöngu og afbrota. Í nýlegri íslenskri rannsókn var markmiðið að skima eftir ofvirkni/athyglisbresti (AMO) hjá íslenskum fögum og skoða tengsl við algengar geðraskanir. Rannsóknin náði til 96 fanga á aldrinum 19-56 ára. Niðurstöður voru þær að 14.9% fanganna uppfylltu greiningarviðmið fyrir AMO. Af fögnum uppfylltu 83% greiningarviðmið fyrir fyrir að minnsta kosti eina aðra yfirstandandi geðröskun. Algengastar voru fíkniraskanir, kvíðaraskanir og lyndisraskanir.²¹

Samkvæmt upplýsingum úr þessum tveimur rannsóknum er ljóst að hluti fanga þarf á sérkennslu að halda þar sem hverjum og einum er mætt á sínum forsendum. Hér má einnig hugsa sér námskeið í ákveðinni grunnfærni fyrir hópa fanga, t.d. grunnnámskeið í tölvunotkun, lestrarnámskeið og námskeið í stærðfræði. Náin samvinna þarf að vera milli sérkennara og annarra meðferðaraðila.

17. Starfsnám

Í rannsókninni um menntun fanga á Íslandi kemur fram að 22 fangar sem svöruðu spurningalistunum og voru ekki í námi, höfðu áhuga á að hefja nám í framhaldsskóla og margir þeirra virtust hafa hug á iðnnámi. Ekki er hægt að greina nákvæmlega út frá spurningunum og svörunum hve margir hafa áhuga á námi í hinu ýmsu iðngreinum þar

²¹ Emil Emilsson o.fl. 2007

sem ætla má að hluti þeirra sem merktu við þennan lið hafi einnig merkt við almenna námsbraut, en nám á henni er oft forsenda þess að geta komist í ákveðið iðnnám ef formlegri grunnmenntun hefur ekki verið lokið. Þó má sjá að merkt er við smíðar, pípulagnir, bifvélavirkjun, múraraiðn og dúklagningar. Iðnnám má stunda bæði við iðnskóla og hina ýmsu fjölbrautaskóla á landinu. Við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi eru kenndar margvíslegar iðngreinar. Má þar nefna grunnnám bíliðna, grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina, grunnnám rafíðna, húsasmíði, grunnnám málmíðna, söðlasmíði og meistaranám í húsasmíði. Þá er einnig boðið upp á grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina við skólann, auk hinna ýmsu bóknámsbrauta.

Í viðtali við Inga S. Ingason, kennslustjóra á Litla-Hrauni kom fram að einungis einn fangi stundar nú nám sitt á Selfossi. Nefndin gerir sér fulla grein fyrir að aðeins hluti fanga uppfyllir þau skilyrði að mega stunda nám utan fangelsis en leggur til að þeim föngum sem kjósa að stunda verknám, verði gefið tækifæri til starfsþjálfunar utan fangelsis, uppfylli þeir kröfur í samræmi við 47. gr. laga um fullnustu refsinga og að undangengnu áhættumati og með samþykki skólayfirvalda eða vinnustaðar.

Einnig bendir nefndin á að í einhverjum tilvikum gætu fangar verið í starfsþjálfun utan fangelsis undir eftirliti fangavaraðar, sé það talið nauðsynlegt.

Mikilvægt er að bæta aðstöðu til starfsþjálfunar í fangelsum. Þegar hugað er að nýjum atvinnutækifærum innan fangelsa, verði jafnframt haft að leiðarljósi að skapa störf sem geta nýst til starfsþjálfunar og þannig verið hluti af námi. Dæmi um slíkt gæti verið að koma á grunnnámi á sviði rafvirkjunar og rafeindatækni á Litla-Hrauni. Þá eru t.d. á Litla-Hrauni fyrir hendi vinnustaðir, s.s. smíðaverkstæði, sem ættu að geta nýst þeim sem nema smíðar til starfsnáms, en bæta þarf tækjabúnað og aðstöðu til að svo verði hægt.

Einnig ber að leita til atvinnufyrirtækja í nánasta umhverfi fangelsa um starfsnám fyrir þá fanga sem hafa leyfi til náms utan fangelsis.

Nefndin bendir á að raunfærnimat gæti orðið til að auðvelda föngum sem hafa starfsreynslu að baki að ljúka tilteknu námi. Nái nýtt frumvarp um framhaldsskóla, sem nú er til meðferðar á alþingi, fram að ganga er þar að finna ýmsar veigamiklar breytingar frá núverandi löggjöf. Einstakir framhaldsskólar munu nú skilgreina námsbrautir, m.a. til stúdentsprófs og starfsréttinda, og leita staðfestingar á þeim hjá menntamálaráðherra. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp nýtt einingakerfi, m.a. með hliðsjón af einingakerfi háskóla og er gengið út frá því að ársvinna nemenda miðist við 60 einingar (eins og á háskólastiginu). Réttur nemenda til náms í framhaldsskólum til 18 ára aldurs er afdráttarlausari en nú er. Gert er ráð fyrir að nemendur geti lokið námi í framhaldsskóla

með svokölluðu framhaldsskólaprófi eftir u.þ.b. tveggja ára nám. Stúdentspróf á áfram að vera góður undirbúningur fyrir háskólanám, en lögbundinn kjarni þess tekur einungis til íslensku, ensku og stærðfræði ásamt því að gert er ráð fyrir að verknámseiningar geti í auknum mæli verið hluti af námi til stúdentsprófs.

18. Lífsleikni í fangelsum

Eftir endurbætur á Kvíabryggju munu fangar taka við allri matseld í fangelsinu en til þessa hafa tvær matráðskonur séð um hana. Starfsmaður í fangelsinu mun hins vegar áfram sjá um innkaup og hafa yfirumsjón með matreiðslu fanganna.

Fangelsismálastofnun hefur lagt á það ríka áherslu undanfarin ár að gerð verði tilraun á Litla-Hrauni með að fangar eldi sjálfir en þeir hafa sýnt því mikinn áhuga. Hefur nú verið sköpuð aðstaða á einni deild til að þetta sé unnt. Hinn 4. október sl. tóku 11 fangar á deildinni yfir matreiðsluna. Þeir fá ákveðna upphæð á dag og sjá um öll innkaup matvæla í gegnum verslun í fangelsinu. Bindur stofnunin miklar vonir við að þetta verði föngum og aðstandendum þeirra til ánægju, kenni föngunum að vinna saman og auki lífsleikni þeirra. Til stendur að fá fagfólk til að vera með sýnikennslu í hollri matreiðslu og hagkvæmni í innkaupum. Verið er að leggja grunn að sambærilegum breytingum á eldunaraðstöðu í fleiri deildum fangelsisins.²²

Nefndin fagnar þessum breytingum og undirstrikar að nám í fangelsi er ekki einungis það sem lært verður af bókum, ekki er síður mikilvægt fyrir fanga að fá kennslu og þjálfun í athöfnum daglegs lífs og því mikilvægt að nýta hvert tækifæri sem gefst innan fangelsanna í þeim tilgangi. Mikilvægt er að þessir möguleikar verði þróaðir áfram.

Mímir-símenntun og Listaháskóli Íslands, eru meðal þeirra aðila sem hafa átt frumkvæði að því að vera með námskeið fyrir fanga á Litla-Hrauni. Námskeiðin sem Mímir-símenntun hefur staðið fyrir eru annars vegar Sjálfsefning og samskipti sem er 20 kst. námskeið og hins vegar Vinnumarkaðurinn-kaup og kjör, sem er 10 kst. námskeið. Listaháskóli Íslands stóð fyrir fimm daga námskeiði sl. vor sem nefnist skapandi tónlistarmiðlun, og var samstarfsverkefni Listaháskólans og Litla-Hrauns. Aðalmarkmið námskeiðsins er að tengja saman í námi nemendur í tónlistardeild Listaháskóla Íslands og einstaklinga sem dvelja í gæslu í fangelsinu að Litla-Hrauni. Báðir þessar hópar eru skilgreindir eftir ólíku samhengi, þ.e. klassískt tónlistarfólk sem hefur oft langa þjálfun að baki og flytur tónlist sem fólki finnst oft erfitt að tengja við, og svo fangar sem villst hafa af

²² Úr hótelpjónustu í sjálfsumsjón. (Skoðað á heimasíðu fangelsismálastofnunar, www.fangelsi.is, 20. október 2007.

leið í samfélaginu, sitja nú inni og eru ósýnilegir umheiminum. Markmiðið er að gera báðum hópum það kleift að brjótast út úr sínum venjulegu römmum og vinna að sameiginlegu markmiði, þ.e. að semja saman nýja tónlist, hugsanlega flytja hana opinberlega (ef aðstæður leyfa) og taka hana upp á geisladisk sem hver þátttakandi mun fá eintak af.

Greinilegt er af umsögnum þátttakenda á öllum þessum námskeiðum að þau hafa mælst afar vel fyrir og báðir aðilar hafa í hyggju að áframhald verði á þessari vinnu. Í fylgiskjölum með skýrslu nefndarinnar má sjá nánari lýsingu á námskeiðunum og umsagnir þátttakenda.

Nefndin telur að þetta fyrirkomulag, að vera með ýmiss konar námskeið í fangelsum til viðbótar hefðbundnu námi sem einstakir fangar stunda, sé afar æskilegt, bæði vegna þeirra fanga sem sitja af sér stutta dóma og ekki síður til að fangar geti einbeitt sér að ákveðnum viðfangsefnum í afmarkaðan tíma. Eins og fram kemur í umsögnum fanga um námskeiðin, höfðu þau einnig jákvæð áhrif á samskipti milli fanga. Þá má einnig benda á að námskeiðsfyrirkomulagið hentar vel þegar hefðbundin kennsla er ekki í gangi svo sem yfir sumartímamann. Þetta kennsluform gæti einnig hentað fyrir tölvukennslu (meirihluti þeirra fanga sem svöruðu rannsókninni telur tölvukunnáttu sína miðlungs góða eða slæma), námstækni, lestrarnámskeið, svo fátt eitt sé nefnt. Greinilegt er að námskeiðsformið fellur í góðan jarðveg og fangar hafa ákveðnar óskir um meira af slíku tagi.

19. Um náms- og starfsráðgjöf

Nefndin leggur eindregið til að náms- og starfsráðgjafi verði ráðinn hið fyrsta að Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi til að vinna með föngum á Litla-Hrauni og í öðrum fangelsum. Því þykir ástæða til að fjalla um helstu þætti sem felast í náms- og starfsráðgjöf.

Ráðgjöf í námi og starfi

1. Ráðgjöf um vinnubrögð

- Leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlanagerð.
- Leiðsögn og fræðsla um námstækni (s.s. námsaðferðir, lestraraðferðir og prófundirbúning).
- Leiðsögn og fræðsla um lífsstíl og venjur sem stuðlað geta að aukinni einbeitingu, úthaldi og auknu tilfinningalegu jafnvægi.

2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

- Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla.
-

- Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í einkalífi.
 - Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun.
 - Tilvísun og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum.
 - Hópráðgjöf/námskeiðahald sem styrkja einstaklinginn í námi og/eða atvinnuleit (s.s. gerð ferilskráa, atvinnuumsókna, námstækni og prófkvíði).
3. Ráðgjöf, hagsmunagæsla og upplýsingamiðlun vegna sérhæfðra réttindamála
- Stuðningur við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila.
 - Mat og greining á úrræðum fyrir einstaklinga með sérþarfir.
 - Samstarf við yfirvöld, sérfræðinga og þjónustuaðila í málefnum einstaklinga með sérþarfir.

Ráðgjöf við náms- og starfsval

1. Áhugagreining

- Rannsókn og greining á áhugasviði einstaklinga; fer ymist fram með viðtölum eða með notkun mælitækja og kannana.

2. Mat og greining á náms- og starfsfærni

- Greining styrkleika og veikleika einstaklinga með tilliti til náms og starfa; fer aðallega fram með viðtölum við ráðþega.

3. Miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á námi og störfum

- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um nám, námskeið, starfsmenntun og starfsval
- Starfsfræðsla; umsjón með framkvæmd starfsfræðslu í samstarfi við kennara, starfsfræðslufulltrúa og fulltrúa atvinnulífs.
- Námskynningar; skipulag námskynninga innan skólans og undirbúningur og uppræðsla nemenda fyrir stærri sameiginlegar námskynningar menntakerfisins.
- Gagnasmíð, gagna- og upplýsingasöfnun og viðhald gagnabanka um nám og störf.
- Miðlun og leiðsögn við notkun upplýsinga úr gagnabanka.²³

Í rannsókninni á menntun íslenskra fanga (2007) segja 39% þeirra fanga sem svöruðu spurningalistanum og stunduðu ekki nám að skortur á upplýsingum sé stærsta hindrunin í námi. Einnig kemur fram að 22 fangar sögðust vilja hefja nám í framhaldsskóla. Það þarf ekki að koma á óvart að einstaklingar sem eiga stutt nám að baki, hafa jafnvel ekki lokið skyldunámi úr grunnskóla, búi yfir takmörkuðum upplýsingum um hugsanlega möguleika sína til frekara náms. Einnig má gera ráð fyrir að þeir sem eiga slæmar minningar frá fyrri skólagöngu sjái ekki fyrir sér að þeir geti tekið upp þráðinn frá því sem fyrr var horfið. Hér getur einstaklingsmiðuð náms- og starfsráðgjöf gegnt lykilhlutverki. Tillögur nefndarinnar eru að brynt sé að ráða náms- og starfsráðgjafa að fangelsum landsins og viðkomandi

hafi það hlutverk og hafi frumkvæði að því að ræða við alla fanga, leggja fyrir þá áhugasviðsrannsókn, meta raunfærni þeirra og aðstoða þá sem það vilja að skipuleggja nám sitt. Nefndin leggur til að náms- og starfsráðgjafi verði ráðinn við Fjölbautaskóla Suðurlands, og starfi í náinni samvinnu við kennslustjóra á Litla-Hrauni, vegna þeirrar löngu reynslu sem hefur fengist af starfi skólans í stærsta fangelsi landsins. Náms- og starfsráðgjafi hafi jafnframt það hlutverk að heimsækja önnur fangelsi landsins reglulega og fræða fanga þar um möguleika sína til náms. Einng þarf náms- og starfsráðgjafi að eiga nána samvinnu við aðra skóla og stofnanir í landinu sem koma að menntun fanga.

20. Mat á raunfærni – fullorðinsfræðsla

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk það hlutverk í samningi ASÍ og SA við menntamálaráðuneytið árið 2003 að aðstoða ráðuneytið við að þróa aðferðir og tæki við mat á námi og raunfærni á Íslandi. Í nýjum þjónustusamningi milli samstarfsaðilanna frá því í janúar 2006 er verkefnið skilgreint nánar í 2. grein b): „FA tekur að sér að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og námsárangri í samvinnu við menntamálaráðuneytið, atvinnulífið og fræðsluaðila ásamt því að þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga. FA skal vinna með menntamálaráðuneytinu að stefnumótun, uppbyggingu kerfis og prófun á því bæði fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun svo og faglærða starfsmenn á vinnumarkaði. Unnið skal að öllum þáttum raunfærnimats; til styttingar á námi, bættrar stöðu á vinnumarkaði, svo og almennrar færniuppbyggingar. Einnig skal FA þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilsskrár (nemendabókhalda) í samstarfi við fræðsluaðila og menntamálaráðuneytið þar sem tekið verði mið af mati á óformlegu námi og raunfærni.“²⁴

Með mati á raunfærni fær fullorðið fólk á vinnumarkaði aukna möguleika á að sækja sér menntun og þjálfun til að auka færni sína. Helsti ávinningur einstaklinganna er að fá ný tækifæri til að styrkja sig í námi og starfi. Með því að fá viðurkenningu á færni sinni geta þeir haldið áfram námi þar sem þeir eru staddir í þekkingu og færni en ekki þar sem formlegu námi lauk.

Raunfærnimat til styttingar á námi miðar að því að meta raunfærni sem jafngilda námsáfanga eða hluta af námsáfanga og skipuleggja nám einstaklingsins með tilliti til raunfærni hans. Raunfærnimat er ekki gjaldfelling náms á nokkurn hátt. Raunfærnimat er til þess að komast að raunverulegri færni einstaklings og þannig koma í veg fyrir að hann

²³ Félag náms- og starfsráðgjafa. Starfslýsingar <http://www.fns.is/starfslýsingar.php>, skoðað 10. nóvember 2007

²⁴ Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: Tillögur um þróun raunfærnimats, (2007) skoðað á www.frae.is, 5. nóvember 2007

þurfi að sækja nám í efni sem hann þegar kann. Þess konar viðurkenning getur stuðlað að aukinni þátttöku í símenntun og í því felst einnig sparnaður á tíma og fé fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Raunfærnimat í atvinnulífinu miðar að því að skrá og fá staðfesta færni í því skyni að einstaklingurinn fái framgang í starfi eða finni starf við hæfi. Færni einstaklingsins er borin saman við færniviðmið viðkomandi starfa og metin á mótum þeim. Þess ber að geta að þegar þessi bæklingur er skrifaður hefur ekki reynt mikið á raunfærnimat í atvinnulífinu²⁵.

Nefndin telur brýnt að föngum sé gefinn kostur á að fá raunfærni sína metna. Ætla má að hluti þeirra fanga sem hafa litla menntun að baki hafi reynslu og þekkingu úr atvinnulífinu sem þeir geti fengið metna og þannig verði þeim gert auðveldara að skipuleggja áframhaldandi nám sitt.

Fullorðnir námsmenn.

Flestir fangar sem eru í námi eða hafa hug á að stunda nám eru fullorðnir einstaklingar. Skipulag kennslu þarf því að taka mið af kennslu fullorðinna og þeim kennsluaðferðum sem þar eru notaðar.

Um kennslu fullorðinna námsmanna

Bandaríski kennslufræðingurinn Malcolm Knowles kom fyrstur fram með mótaðar hugmyndir um mismunandi aðstæður og námsnálgun fullorðinna og barna árið 1973 í bók sinni *The Adult Learner*. Í nýlegri bók um kenningar hans eru sett fram eftirfarandi 6 grundvallaratriði í fullorðinsfræðslu.

1) Þörf fullorðinna fyrir að vita:

- **hvers vegna** þeir þurfa að læra áður en þeir taka til við það, hvað gefur það þeim og hvað gerist ef þeir ekki læra það sem um ræðir. Ýmsar leiðir eru til að sýna fram á þessa þörf. Kannanir sýna t.d. að starfsframi vegur þarna þungt.
- **hvað** á að læra. Kannanir sýna að námsmenn sem vita hvaða efni á að nota og hvaða árangri er stefnt að í náminu ná betri árangri á námskeiðum en þeir sem ekki vita það fyrirfram. Þeir sem einnig fá að ráða einhverju um námsefnisval hafa mestan áhuga og innri hvatningu til námsins.
- **hvernig** kennslan fer fram og hvort hún kemur til móts við væntingar skiptir miklu varðandi námskeiðsánægju, þ.e. að hve miklu leyti kennslan uppfyllir væntingar námsmannsins.

²⁵ Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Raunfærnimat. Skoðað á www.frae.is, 5. desember 2007

Þessi 3 atriði, þ.e. að skýra viðhorf hins fullorðna námsmanns til þess sem á að læra áður en námskeið eða kennsla hefst og gefa honum kost á að hafa áhrif á hvað er kennt og hvernig, ættu að vera grundvöllur kennslunnar.

2) Sjálfshugmyndir námsmannsins,

- Sjálfstýring í námi,
- Sjálfsmiðun

Fullorðin manneskja lítur svo á að hún sé ábyrg fyrir eigin ákvörðunum og eigin lífi og berst gegn því að aðrir þröngvi sínum vilja upp á hana. Þessi eiginleiki getur hamlað mörgum einstaklingum í fullorðinsfræðslu þar sem margir tengja orðin nám og menntun við stýringu kennara og óvirkni námsmanna sem þeir vöndust á í skólakerfinu og bregðast eins við og þeim var kennt sem börnum. Ef fullorðinsfræðslan er framkvæmd á sama hátt og barnafræðsla með stjórnun kennarans á náminu er hætt við að námsmaðurinn lendi í innri baráttu á milli þarfarnar til sjálfsákvörðunar og undirgefni. Afleiðingin getur orðið flótti frá náminu.

3) Fyrri reynsla námsmannsins

Í hópi fullorðinna námsmanna er samankomin mikil og margvísleg reynsla sem mótar mjög hvernig þeir bregðast við fræðslunni. Þessi breiði bakgrunnur fólks og mismunur á reynslu og þekkingu krefst kennslu sem miðast meira við hvern einstakling en hópinn í heild. Einnig þarf kennslan að miðast við að nýta sem best reynslu einstaklinganna í náminu.

Þær kennsluaðferðir sem miðast við að nýta reynsluna sem auðlind eru oftast hópumræður, lausn vandamála, greiningardæmi og ýmiskonar samvinna fremur en fyrirlestrar eða bein þekkingaryfirfærsla frá kennara. En fyrri reynsla getur líka verið ókostur og þröskuldur í námi fullorðinna í formi fordóma, skoðana og hugsanamunsturs sem kemur í veg fyrir að viðkomandi læri eitthvað nýtt eða sjái hlutina með öðrum augum. Ýmsar kennsluaðferðir í fullorðinsfræðslu ganga því út að það að hjálpa fullorðnum námsmönnum að skynja eigin þröskulda og komast yfir þá eða það sem stundum hefur verið kallað að aflæra!

4) Fúsleiki til náms

Fullorðnir eru mjög fúsir til að læra það sem þeir finna að gagnast þeim í daglegu lífi. Þannig skiptir miklu máli að tímasetning námsins sé í samræmi við þarfir fyrir nýja þekkingu og færni. Starfsmaður í fyrirtæki sem er að taka upp nýjan tölvubúnað er fúsari til að fara á tölvunámskeið heldur en sá sem ekki stendur frammi fyrir slíkum aðstæðum.

5) Námsafstaða

- Verkefnasækni
- Tenging við raunveruleikann

Fullorðnir hafa aðra afstöðu til náms en börn og unglingar. Afstaðan byggist á því að þeir líta á nám sem tæki til að leysa verkefni og vandamál daglega lífsins en börn líta á nám sem námsgreinar sem lítt tengjast þeirra eigin lífi. Unglingur sem lítur á bókhald sem leiðinlega námsgrein getur á fullorðinsárum litið á nám í bókhaldi eigin fyrirtækis sem skemmtilegt og nauðsynlegt verkefni.

6) Hvati til náms

- Innri hvati
- Ytri hvati

Þó flestum virðist að helstu námshvatar fullorðinna séu ýmiss konar ytri þættir s.s. betra starf, hærri laun o. s. frv., þá kemur í ljós í ýmsum könnunum að sterkasti hvatinn er löngunin til meiri þroska og þekkingar, aukinnar starfsánægju og betra lífs. Sá hvati er hins vegar oft heftur af ýmsum hindrunum s.s. neikvæðri sjálfsmynd, fáum tækifærum, tíma, litlum fjárráðum og lélegu eða litlu námsframboði.

Kennari getur með framsetningu á efninu ýtt undir þessa innri hvata og þannig gert námskeiðið skemmtilegra og fyllra en ef aðeins er höfðað til ytri hvata.

Aðrir þættir

Við undirbúning fullorðinsfræðslu eru ofantalin 6 grundvallaratriði undirstaða þegar kennsla er skipulögð. Þá eru einnig margir aðrir þættir sem kannanir sýna að mikilvægt er að taka tillit til við skipulag og framkvæmd fullorðinsfræðslu. Þessir þættir eru m.a.:

Fullorðinn námsmaður:

- hefur oft lítið sjálfstraust í byrjun sem leiðir af sér þörf fyrir öryggi og leyfi til að gera mistök
- hefur ríka tilhneigingu til að verja eigið sjálf og fara í varnarstöðu ef illa gengur eða honum/henni finnst að sér vegið. Þessi þáttur getur virkað mjög hamlandi á nám, sérstaklega ef hópurinn þekkist lítið
- kemur á námskeið með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvað hann/hún vill fá út úr náminu og það mótar væntingar til kennslunnar
- vill sjá árangur strax, finna strax að það sem verið er að eyða tíma og orku í hafi gildi og viðkomandi ráði við það
- vill nýta tímann vel og þolir illa að sá tími sem tekinn er frá (öðru) í námið fari til ónýtis
- hefur yfirleitt tamið sér skýra námsnálgun og hefur þróað með sér ákveðnar vinnuvenjur í samræmi við það

- Fullorðnir eru einnig að kljást við alls konar hindranir í lífi sínu sem hafa áhrif á nám þeirra. Þessar hindranir geta verið tengdar aðstæðum þeirra í daglegu lífi og þær algengustu eru tími, kostnaður, skyldur, börn, fjölskylda, vinir. Þær geta verið bundnar félagslegum þáttum, svo sem afstöðu til náms, sjálfstrausti, sjálfsímynd, aldri.²⁶

21. Kostnaðarmat – kostnaðarskipting milli ráðuneyta

Í lögum um fullnustu refsinga frá 2005 er ekki kveðið á um hvaða ráðuneyti beri ábyrgð á kostnaði vegna kennslu í fangelsum en í 19. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 segir “fangelsi útvegar og greiðir fyrir kennslubækur vegna náms í fangelsi og eru þær eign fangelsis”. Kostnaður fangelsismálastofnunar vegna bókaþinga árið 2006 var um 500 þúsund og sama ár voru keyptar tölvur vegna náms fyrir um 500 þúsund. Áætla má að kostnaður vegna þessara liða geti verið 1-1.5 milljónir árlega. Verði gerð breyting á lögum sem heimila takmarkaðan aðgang að Netinu vegna náms, þarf að gera ráð fyrir kostnaði vegna nauðsynlegs tækjabúnaðar og tæknimála.

Í evrópskum fangelsisreglum segir að þar sem hægt er skuli menntun fanga vera hluti af menntakerfinu í landinu og eiga sér stað undir stjórn menntastofnana utan fangelsis.

Hefð er fyrir því á Íslandi að menntamálaráðuneyti greiði kostnað vegna kennslu á Litla-Hrauni (aðfengin kennsla – importmodellen) og hefur svo verið frá því kennsla hófst við fangelsið. Íslendingar hafa því fylgt þeim tilmælum sem eru í evrópskum fangelsisreglum um skipulag náms frá upphafi. Frá því að Fjölbrautaskóli Suðurlands tók við umsjón kennslu á Litla-Hrauni, en það hefur skólinn gert frá stofnun skólans árið 1981, hefur menntamálaráðuneytið greitt skólanum vegna kennslu fanga á Litla-Hrauni. Einnig hefur Menntaskólinn í Kópavogi fengið greiðslur frá menntamálaráðuneyti vegna kennslu í fangelsinu í Kópavogi. **Árið 2008 er gert ráð fyrir í fjárlögum að menntamálaráðuneyti greiði kr. 18.6 milljónir vegna kennslu fanga.**

Kostnaður vegna ýmissa námskeiða sem hafa verið haldin fyrir fanga á Litla-Hrauni, s.s. námskeiða á vegum Mímis-símenntunar og Listháskóla Íslands, hefur verið greiddur af dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Gera má ráð fyrir að **árlegur kostnaður vegna námskeiða geti verið 1-2 milljónir**, jafnvel hærrí, verði fleiri námskeið haldin eins og nefndin leggur til.

²⁶ Sigrún Jóhannesdóttir. Kennslufræði. skoðað á www.frae.is/default.asp?ID=559, 8. desember 2007

Ljóst er, ef tillögur nefndarinnar verða samþykktar, að kostnaður vegna kennslu fanga mun aukast, einnig kemur til kostnaður vegna ráðningar náms- og starfsráðgjafa.

Tillögur nefndarinnar fela í sér þær væntingar að fleiri fangar muni stunda nám í framtíðinni en nú er. Skv. rannsókninni sem gerð var á menntun í fangelsum, stunduðu 27 af þeim föngum sem svöruðu spurningalistanum nám á haustönn 2006, eða þriðjungur þeirra sem svöruðu. 22 til viðbótar lýstu áhuga á að hefja nám. Þá kemur einnig fram að stór hluti þeirra sem afplána fangelsisdóma á Íslandi, eða meira en þriðjungur þeirra sem svöruðu, hefur ekki lokið neinu formlegu námi. Því lítur nefndin svo á að það sé skylda menntamálayfirvalda að bjóða þessum hópi upp á að hefja nám að nýju og að dýrmætt sé að nota tímann meðan á afplánun stendur til náms. Ef aðeins er horft til þess fjölda fanga sem nú stundar nám skv. svörum við spurningalistanum og þeirra sem lýstu áhuga á að hefja nám, eru þetta um 40 manns. Gera má ráð fyrir að hópurinn sé eitthvað stærri þegar tillit er tekið til þeirra sem ekki svöruðu. Meðalkostnaður vegna nemenda í framhaldsskólum er kr. 672 þúsund miðað við árið 2008 skv. upplýsingum frá menntamálaráðuneyti. Sé sú tala margfölduð með 40 fæst talan 26.880 000. Þá þarf að reikna með ca. 6 milljónum árlega vegna stöðu náms- og starfsráðgjafa, en gera þarf ráð fyrir ferðakostnaði auk launa og launatengdra gjalda. Það er því ekki fjarri lagi að gera ráð fyrir að **kostnaður vegna formlegs náms fanga geti orðið nálægt 33 milljónum króna á ári**, gangi tillögur nefndarinnar eftir. Þarna er um tæplega helmings hækkun að ræða frá því sem nú er. Rétt þykir að benda á að verknám er dýrara í framkvæmd en bóknám og því gæti þessi tala hækkað ef fjölgun verður í hópi þeirra sem stunda verknám.

Nefndin leggur til að ráðuneyti menntamála og dóms- og kirkjumála skipti áfram með sér kostnaði vegna náms á þann veg að menntamálaráðuneyti greiði kostnað vegna formlegs náms og stöðu náms- og starfsráðgjafa og dóms- og kirkjumálaráðuneyti beri kostnað vegna námskeiða innan fangelsanna.

22. Lokaorð

Fangelsun manna er refsing samfélagsins fyrir afbrot sem þeir hafa hlotið dóma fyrir. Í stefnu Fangelsismálastofnunar ríkisins segir: “Að lokinni refsivist snýr fangi aftur út í samfélagið og því er þjóðfélagslega hagkvæmt að draga úr líkum á endurkomu hans í fangelsi vegna nýrra afbrota. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að sett verði þau markmið að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín”.

Nefnd þeirri sem nú hefur lokið störfum var falið að vinna að stefnumótun í menntunarmálum fanga á Íslandi. Nefndin hefur leitast við að kynna sér hvernig þeim málum er háttað hér á landi sem og í nágrannalöndum okkar. Stuttu eftir að nefndin hóf störf bauðst kærkomið tækifæri til að taka þátt í samnorrænni rannsókn þar sem ítarlegir spurningalistar voru lagðir fyrir alla fanga sem sátu í fangelsum á tilteknum tíma. Íslenska rannsóknin gefur mikilvægar upplýsingar um menntunarstig fanga, óskir þeirra um nám, ástæður fyrir því að vera ekki í námi, hvernig þeir haga námi sínu og einnig er upplýsingar að finna um námsvenjur og námserfiðleika. Niðurstöður úr þessari rannsókn gefa upplýsingar um öll þessi atriði og mörg fleiri og á komandi vori verður hægt að sjá samanburð úr íslensku rannsókninni við samskonar rannsóknir á hinum Norðurlöndunum.

Það, hve margir fangar sem ekki stunda nám nú óska eftir að hefja nám, er áskorun sem verður að taka alvarlega. Vonandi eiga tillögur nefndarinnar eftir að gera þeim það auðveldara og þar með auka líkur á að þeir geti nýtt tímann í fangelsi til betrunar og á meiri lífsgæðum að lokinni fangavist. Sláandi er hve margir fangar hafa ekki lokið neinu formlegu námi og vekur það áleitnar spurningar um hvort skólakerfið hafi brugðist þessum hópi. Margir þeirra eiga við námserfiðleika að etja og nauðsynlegt er að koma til móts við námsþarfir þessa hóps með einstaklingsmiðaðri nálgun. Tillögur nefndarinnar um að ráðinn verði náms- og starfsráðgjafi til að vinna að menntunarmálum fanga eru ekki síst vegna þessa hóps. Þá er náms- og starfsráðgjafa einnig ætlað að hvetja fanga til náms og veita þeim nauðsynlegar upplýsingar um námsmöguleika.

Nefndin vill sérstaklega þakka þeim fjölmörgu föngum sem svöruðu spurningalistunum svo og þeim Boga Ragnarssyni, sem lagði spurningalistana fyrir og Helga Gunnlaugssyni, sem vann ásamt Boga úr niðurstöðum og hafði umsjón með framkvæmdinni.

Eitt af því sem nefndinni var sérstaklega ætlað að fjalla um var tenging við Netið. Ljóst er að erfitt er að stunda nám í dag án aðgangs að Netinu. Afstaða, félag fanga, sendi nefndinni skýrslu þar sem fram koma hugmyndir félagsins um nettengingar á Litla-Hrauni.

Í þeirri skýrslu eru settar fram tillögur um hvernig útfæra megi nettengda ganga fyrir fanga sem uppfylla ákveðin skilyrði. Í tillögunum er gert ráð fyrir að umsjón með netinu sé í höndum opinberra aðila, hægt sé að loka á óæskilegar þjónustur og að netumferðin fari í gegnum netþjón. Nefndin leggur til breytingar á lögum um fullnustu refsinga þannig að heimilt verði að leyfa notkun netsins við nám að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Nefndin þakkar Afstöðu, félagi fanga, fyrir skýrsluna.

Þá eru þakkir til Ara Páls Kristinssonar og samstarfsfólks á Stofnun Árna Magnússonar fyrir aðstoð við þýðingar á hugtökum í kaflanum um fyrirkomulag kennslu á Norðurlöndunum og til þeirra Guðbjargar Aðalsteinsdóttur, Magneu Ingólfsdóttur, Inga S. Ingasonar, Hjálmars H. Ragnarssonar, og Helgu Bjarkar Pálsdóttur sem komu á fund nefndarinnar. Einnig eru þakkir til Hafðísar Guðmundsdóttur, skrifstofustjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins fyrir aðstoð við upplýsingaöflun og Inga S. Ingasonar, kennslustjóra á Litla-Hrauni fyrir yfirlestur og athugasemdir.

Að lokum :

“Draumafangelsið – ef svo er hægt að segja - væri náttúrlega staður kröftugrar og stöðugar endurhæfingar. Þar væri boðin fram skilvirk einstaklingsmiðuð meðferð til sálar og líkama; fjölbreytileg vinna við hæfi sem flestra, góður skóli og hvetjandi. Fyrirlestrar og umræður um hvaða leiðir séu heppilegastar til farsældar og hamingju. Heilbriggt líf og hollar tólmstundir væri í öndvegi sem og öflug fjölskyldutengsl. Markviss undirbúningur að því að verða frjáls manneskja og þegar út væri komið væri búið tryggja gott húsaskjól, tekjur, vinnu eða nám, sem og að efla kynni við góða félagar og vini. Í einu orði sagt: Heilbrigð þátttaka í hversdagslegu lífi sem við flest lifum. Það er nefnilega hagur allra þegar öllu er á botninn hvolft að fólk komi út úr fangelsi vel í stakk búið til að takast á hendur við daglegt líf”. (Sr. Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur þjóðkirkjunnar. 2006. Úr greininni; *Velferð fanga er allra hagur*, sem birtist í Morgunblaðinu 9. september 2006).

Ásgerður Ólafsdóttir, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti, formaður

Dís Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur, dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur, Fangelsismálastofnun ríkisins

Sigurður Sigursveinsson, skólameistari, Fjölbrotaskóla Suðurlands, Selfossi

23. Heimildir

Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir. 2006. *Menntun í fangelsum: „Það eina góða þarna inni“* MA-ritgerð Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild

Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson. 2007. *Menntun, menntunarbakgrunnur og námsáhuji íslenskra fanga*. Könnun gerð að tilhlutan menntamálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis í samvinnu við Fangelsismálastofnun ríkisins. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Emil Einarsson, Ólafur Örn Bragason, Anna Kristín Newton, Gísli H. Guðjónsson, Jón Friðrik Sigurðsson. *Ofþvirkni og athyglisbrestur og fylgikvillar hjá íslenskum föngum*. Úr ágrípum veggspjalda, Vísindi á vordögum. Læknablaðið, fylgirit 54/2007

EUROPEAN COMMISSION, *Information Society and Media Directorate General, Lisbon Strategy and Policies for the Information Society Lisbon Strategy and i2010, Use of Computers and the Internet in Schools in Europe, 2006, Country Brief: Iceland*

Evrópuráðið. (Skoðað 4. nóvember 2007 á <http://is.wikipedia.org/wiki/Evrópuráðið>).

Félag náms- og starfsráðgjafa. Starfslýsingar. (Skoðað 10. nóvember 2007 á <http://www.fns.is/starfslysingar.php>).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, *Raunfærnimat*. (Skoðað 5. desember 2007 á www.frae.is).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: *Tillögur um þróun raunfærnimats*, 2007. (Skoðað 5. nóvember 2007 á www.frae.is).

Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur þjóðkirkjunnar. 2006. *Velferð fanga er allra hágur*, grein sem birtist í Morgunblaðinu 9. september 2006. (Skoðað 9. nóvember 2007 á www.timamot.is).

Kynning á stafrænu námsefni. (Skoðað 8. desember 2007 á www.menntagatt.is/default.aspx?pageid=531).

Lög um um fullnustu refsinga nr. 24/2005

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994
(www.althingi.is/lagasofn/nuna/1994062.html)

Margrét Sæmundsdóttir. 2003. *Félagsleg staða fanga og afbrot þeirra*. (Skoðað 25. október 2007 á www.fangelsi.is).

Nordic Prison Education a Lifelong Learning Perspective. 2005.TemaNord.

Ragna Bjarnadóttir. 2006. *Meistaraprófsritgerð til embættisprófs í lögfræði* við Háskóla Íslands

Reglugerð um fullnustu refsinga nr. 961/2005

Sigrún Jóhannesdóttir. *Kennslufræði*. (Skoðað 8. desember 2007 á www.frae.is/default.asp?ID=559).

Skýrsla nefndar um framtíðarrekstur fangelsisins að Litla-Hrauni. 2007. (Skoðað 8. desember 2007 á www.domsmalaraduneyti.is/media/frettir/Lokaskýrsla_Litla_Hraun.PDF)

St.meld.nr.27 (2004-2005) Om opplæringen innenfor kriminalomsorgen "Enda en vår". Det Kongelige Utdannings- og forskningsdepartamentet (<http://odin.dep.no>)

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Upplýsingatækni 2006:3. Hagtíðindi 91. árg. 35. Tbl

Úr hótelpjónustu í sjálfsumsjón. (Skoðað á heimasíðu fangelsismálastofnunar, www.fangelsi.is, 20. október 2007).

Valtýr Sigurðsson. 2005. Grein um ráðstefnu sem haldin var í Róm um evrópskar fangelsisreglur: "Störf í fangelsum eru sögð með þeim flóknustu og erfiðustu í opinberri þjónustu og það eigi að endurspeglast í laununum." Birt í Morgunblaðinu 3. janúar 2005. (Skoðað 4. nóvember 2007 á www.fangelsi.is).

Valtýr Sigurðsson. 2004. *Markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbygging fangelsanna* (Skoðað 14. nóvember 2007 á www.fangelsi.is/fangelsismalastofnun-rikisins/)

24. Fylgiskjöl:

1. Bréf Valtýs Sigurðssonar, forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins til menntamálaráðherra, dags. 9. nóvember 2005
2. Greinargerð Afstöðu, félags fanga : Hugmyndir um nettengingar á Litla-Hrauni. 2007.
3. Greinargerð frá Listaháskóla Íslands um tónlistarnámskeið ásamt umsögnum nemenda
4. Greinargerð frá Mími - símenntun um námskeið ásamt umsögnum nemenda
5. Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson. 2007. *Menntun, menntunarbakgrunnur og námsáhugi íslenskra fanga*. Könnun gerð að tilhlutan menntamálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis í samvinnu við Fangelsismálastofnun ríkisins. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands